

# FUNDARGERÐ 47. ÞINGS SSF



SAMTÖK  
STARFSMANNA  
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

HALDIÐ Á SELFOSSI  
DAGANA 21. - 22. MARS 2019







# **FUNDARGERÐ 47. ÞINGS SSF**

**Haldið á Selfossi  
dagana 21.- 22. mars 2019**

**SSF mars 2019**



## Efnisyfirlit

<b>Þingsetning</b> .....	<b>3</b>
Kosning starfsmanna þingsins.....	3
Nafnakall fulltrúa og kjörbréf lögð fram til samþykktar .....	3
Nafnalisti þingfulltrúa á 47. þingi SSF 21. - 22. mars 2019.....	3
Skipan fastanefnda þingsins .....	5
<b>Skýrsla stjórnar</b> .....	<b>7</b>
<b>Lagabreytingatillögur lagðar fram af stjórn SSF</b> .....	<b>14</b>
Tillögur til lagabreytinga á samþykktum sjóða SSF .....	18
<b>Auglýst eftir tillögum til nefnda</b> .....	<b>20</b>
<b>Staða kjaraviðræðna</b> .....	<b>20</b>
<b>Kynning á framkvæmd nefndarstarfa</b> .....	<b>21</b>
<b>Kynning frambjóðenda</b> .....	<b>21</b>
Föstudagur 22. mars.....	21
<b>Afgreiðsla nefndarálita</b> .....	<b>21</b>
Laganefnd.....	21
Allsherjarnefnd 1 - Jafnréttismál, fjölskyldan, tekjujöfnuður .....	24
Allsherjarnefnd 2 - Heilbrigðismál og velferð borgaranna.....	24
Allsherjarnefnd 3 - Ungt fólk á vinnumarkaði - tæknibreytingar .....	25
Kjaranefnd .....	25
Fræðslunefnd .....	26
Fjárhagsnefnd.....	26
<b>Kjör stjórnar</b> .....	<b>28</b>
<b>Önnur mál</b> .....	<b>29</b>
<b>Þingslit</b> .....	<b>29</b>
<b>Vísagátur</b> .....	<b>30</b>
<b>Samþykktir SSF</b> .....	<b>31</b>
<b>Vinnudeilusjóður</b> .....	<b>35</b>
<b>Samþykktir Styrktarsjóðs SSF</b> .....	<b>36</b>
<b>Samþykktir Menntunarsjóðs SSF</b> .....	<b>38</b>
<b>Grunnsjóður SSF</b> .....	<b>39</b>

Prentvinnsla: Prentsmiðjan ODDI



## Þingsetning

Friðbert Traustason, formaður SSF, setti þingið klukkan 9:10 og bauð þingfulltrúa velkomna til starfa á 47. þing SSF haldið á Selfossi 21. og 22. mars 2019. Friðbert sagði frá því að Anna Karen Hauksdóttir 1. varaformaður hefði ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs og þakkaði henni fyrir gott og öflugt starf í þágu SSF í 15 ár. Þingfulltrúar stóðu allir sem einn á fætur og klöppuðu henni til heiðurs.

Friðbert vakti athygli á bakgrunnum sem notaður var á þinginu og vísaði til þess að það er vegur áfram. Við munum halda áfram góðu starfi og þurfum bæta og viðhalda því sem við höfum á meðan við stefnum einnig fram á við. Sjóðir SSF eru sterkir og voru stofnaðir í kringum árið 2000. Frá upphafi hafa farið allt að 3 milljarðar til félagsmanna úr sjóðum félagsins og var stefnt að bæta enn frekar í menntunarsjóð.

### Kosning starfsmanna þingsins

Stjórn SSF lagði til að eftirfarandi yrðu kjörnir þingforsetar á 47. þingi SSF 21. - 22. mars 2019:

Helga Jónsdóttir, FSLÍ - þingforseti  
Sigurjón Gunnarsson, FSLÍ - varaþingforseti  
Samþykkt með lófaklappi.

Stjórn SSF lagði til að eftirfarandi yrðu kjörnir ritarar á 47. þingi SSF 21. - 22. mars 2019:

Guðný S. Magnúsdóttir, FSLÍ - Þingritari  
Sandra Karen Ragnarsdóttir, Sparisjóður Höfðhverfinga - Þingritari  
Til vara:  
Rósa Jennadóttir, SSF  
Jónína Pálsdóttir, SSF  
Samþykkt með lófaklappi.

### Nafnakall fulltrúa og kjörbréf lögð fram til samþykktar

Jónína Pálsdóttir f.h. kjörbréfanefndar bar upp við fundinn hvort sleppa mætti nafnakalli þar sem búið var að merkja við þingfulltrúa og afhenda nafnspjöld. Það var samþykkt.

Jónína Pálsdóttir f.h. kjörbréfanefndar tilkynnti að nefndin hafi farið yfir öll kjörbréf. Mættur var 61 þingfulltrúi og von var á þremur þingfulltrúum seinna um daginn. Tóku þrír varamenn sæti þriggja. Þingið sátu 64 þingfulltrúar í stað 65 og lauk þar með störfum kjörbréfanefndar.

Helga Jónsdóttir lagði þetta fram til samþykktar - fundurinn samþykkti kjörbréf án athugasemda með lófataki.

### Nafnalisti þingfulltrúa á 47. þingi SSF 21. - 22. mars 2019

FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi - 17 þingfulltrúar

Alda Hjartardóttir  
Anna María Hjartardóttir  
Ari Skúlason  
Eva Sigurðardóttir  
Eyrún Þóra Guðmundsdóttir  
Guðlaugur Gunnarson  
Guðný S. Magnúsdóttir  
Gunnsteinn Geirsson  
Halldóra Ingvarsdóttir  
Hildur Hilmarsdóttir  
Jóhanna M. Jónsdóttir  
Kolbrún Ingimarsdóttir  
Marteinn Kristjánsson  
Nanna Kristín Tryggvadóttir



Petrína G. Hjálmarsdóttir  
Sigríður R. Jóhannsdóttir  
Bryndís Sigurðardóttir tók sæti fulltrúa þar sem Pálmi Rögnvaldsson boðaði forföll.

#### **Trúnaðarmannaráð Arion banka - 15 þingfulltrúar**

Björn Tryggvason  
Daníel Reynisson  
Guðbjörg Þorsteinsdóttir  
Guðríður Birgisdóttir  
Halla Ingvarsdóttir  
Haukur Ingi Heiðarsson  
Hildur Sigurðardóttir  
Jóhann Arnarson  
Karlotta Ósk Óskarsdóttir  
Margrét Bragadóttir  
Sigríður Birgisdóttir  
Sigurlaug J. Friðriksdóttir  
Stefanía Dögg Hauksdóttir  
Svanhildur Ásta Haig  
Lilja Dröfn Kristinsdóttir þingfulltrúi átti ekki heimangengt. Bentína Pálsdóttir varaþingfulltrúi átti að taka sæti en boðaði forföll vegna veikinda. Arion var því með 14 þingfulltrúa mætta.

#### **VÍST, starfsmannafélag Valitor - 4 þingfulltrúar**

Guðbjörg Skjaldardóttir  
Guðleif Ósk Árnadóttir  
Hjördís Ásta Þórisdóttir  
Logi Helguson

#### **STABO, starfsmannafélag Borgunar - 3 þingfulltrúar**

Einar Héðinsson  
Hertha Rós Sigursveinsdóttir  
Iðunn Elva Ingibergsdóttir

#### **SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka - 15 þingfulltrúar**

Andrea Jónsdóttir  
Arnar Freyr Björnsson  
Birna Hadda Olsen Ómarsdóttir  
Eva Dögg Guðmundsdóttir  
Gísli Logi Logason  
Gréta Kjartansdóttir



Fjárhagsnefnd.

Guðmundur Friðrik Jóhannsson  
Helga Jónsdóttir  
Iðunn Arnarsdóttir  
Oddur Kristjánsson  
Oddur Sigurðsson  
Ólöf Gísladóttir  
Sesselja Pálsdóttir  
Tinna Gunnarsdóttir  
Þorlákur Kjartansson

#### **SRB, Starfsmannafélag Reiknistofu bankanna - 3 þingfulltrúar**

Halldór Halldórsson  
Jón Sveinsson  
Sigríður Harpa Hannesdóttir tók sæti fulltrúa þar sem Bjarni Þór Pálsson boðaði forföll.

#### **Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands - 3 þingfulltrúar**

Bára Björk Ingibergsdóttir  
Kristín Arna Björgvinsdóttir  
Linda Sörensen

#### **Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins - 1 þingfulltrúi**

Sigurður Kári Tryggvason

#### **Starfsmannafélag Bygðastofnunar - 1 þingfulltrúi**

Andri Þór Árnason

#### **Starfsmannafélag Greiðsluveitunnar - 1 þingfulltrúi**

Ólafur Sigurðsson

#### **Starfsmannafélag Kviku - 1 þingfulltrúi**

Ragnhildur Steingrímsdóttir

#### **Starfsmannafélag Sparisjóðs Suður-Þingeyinga - 1 þingfulltrúi**

Ingigerður Arnljótsdóttir

#### **Áheyrnarfulltrúar og gestir**

Pétur Friðjónsson, Sf. Bygðastofnunar  
Dagný Pétursdóttir, Sf. Sparisjóðs Suður-Þingeyinga  
Halldór Bachmann, Sf. Almenna  
Erna Björg Baldursdóttir, Sf. Seðill  
Guðrún Ólína Ágústsdóttir SVAT, starfsmannafélag Varðar  
Sigríður Friðgeirsdóttir, gestur

#### **Stjórn og starfsmenn**

Friðbert Traustason, formaður SSF  
Gunnar Gunnarsson, stjórn SSF  
Hörður Jens Gunnarsson, stjórn SSF  
Hilmar Vilberg Gylfason, starfsmaður SSF  
Rósa Jennadóttir, starfsmaður SSF  
Jónína Pálsdóttir, starfsmaður SSF  
Ragnar Sigurðsson, ritstjóri SSF  
Sveinn Sveinsson, lögmaður SSF

#### **Skipan fastanefnda þingsins**

Stjórn SSF skipaði Kjörnefnd samkvæmt samþykktum SSF og sú nefnd starfaði jafnframt á þinginu. Í henni sátu Anna María Hjartardóttir FSLÍ, Erla Stefánsdóttir TRM Arion banka, Bjarni Þór Karlsson SRB, Hilmar Gylfason SSF og Andrea Jónsdóttir SÍ.

#### **Allsherjarnefnd 1 - Jafnréttismál, fjölskyldan, tekjujöfnuður**

Guðný S Magnúsdóttir, umræðustjóri, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Guðbjörg Skjaldardóttir, VÍST, starfsmannafélag Valitor  
Guðbjörg Þorsteinsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Guðlaugur Gunnarsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Helga Jónsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Karlotta Ósk Óskarsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka



Kolbrún Ingimarsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Oddur Kristjánsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Þorlákur Kjartansson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka

#### Allsherjarnefnd 2 - Heilbrigðismál og velferð borgaranna

Jóhann Arnarson, umræðustjóri, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Alda Hjartardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Andrea Jónsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Eyrún Þóra Guðmundsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Guðleif Ósk Árnadóttir, VÍST, starfsmannafélag Valitor  
Halla Ingvarsdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Bryndís Sigurðardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Ragnhildur Steingrímsdóttir, Starfsmannafélag Kviku  
Sigurður Kári Tryggvason, Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins  
Tinna Gunnarsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka

#### Allsherjarnefnd 3 - Ungt fólk á vinnumarkaði - tæknibreytingar

Nanna K Tryggvadóttir, umræðustjóri, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Andri Þór Árnason, Starfsmannafélag Byggðastofnunar  
Birna Hadda Olsen Ómarsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Eva Dögg Guðmundsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Guðríður Birgisdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Gunnsteinn Geirsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Haukur Ingi Heiðarsson, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Hjördís Ásta Þórisdóttir, VÍST, starfsmannafélag Valitor  
Iðunn Elva Ingibergsdóttir, STABO, starfsmannafélag Borgunar  
Jóhanna M Jónsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Kristín Arna Björgvinsdóttir, Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands  
Sigríður Harpa Hannesdóttir SRB, starfsmannafélag Reiknistofu bankanna

#### Fjárhagsnefnd


Oddur Sigurðsson, umræðustjóri, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Marteinn Kristjánsson, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Gréta Kjartansdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Halldór Halldórsson, SRB, starfsmannafélag Reiknistofu bankanna  
Margrét Bragadóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Sigríður Birgisdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka

#### Fræðslunefnd

Ragnar Sigurðsson, umræðustjóri, Ritstjóri SSF  
Rósa Jennadóttir, umræðustjóri, Umsjónarmaður trúnaðarmannafræðslu SSF  
Anna María Hjartardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Einar Héðinsson, STABO, starfsmannafélag Borgunar  
Gísli Logi Logason, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Halldóra Ingvarsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Ingigerður Arnljótsdóttir, Starfsmannafélag Sparisjóðs Suðurlandspingeyinga  
Ólöf Gísladóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Petrína G Hjálmarsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Sigurlaug J Friðriksdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Stefanía Dögg Hauksdóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka

#### Kjaranefnd

Ari Skúlason, umræðustjóri, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Daníel Reynisson, umræðustjóri, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Arnar Freyr Björnsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Bára Björk Ingibergsdóttir, Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands  
Björn Tryggvason, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Hertha Rós Sigursveinsdóttir, STABO, starfsmannafélag Borgunar  
Hildur Hilmarsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Hildur Sigurðardóttir, Trúnaðarmannaráð Arion banka  
Iðunn Arnarsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Jón Sveinsson, SRB, starfsmannafélag Reiknistofu bankanna





Logi Helguson, VÍST, starfsmannafélag Valitor  
Ólafur Sigurðsson, Starfsmannafélag Greiðsluveitunnar  
Sesselja Pálsdóttir, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Sigríður R Jóhannsdóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi

### Laganefnd

Hörður Jens Guðmundsson, umræðustjóri, VÍST starfsmannafélag Valitors  
Eva Sigurðardóttir, FSLÍ, félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi  
Guðmundur Friðrik Jóhannsson, SÍ, starfsmannafélag Íslandsbanka  
Linda Sörensen, Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands  
Svanhildur Ásta Haig, Trúnaðarmannaráð Arion banka

## Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður SSF, flutti skýrslu stjórnar.

Formannsraða á 47. þingi SSF, 21. - 22. mars 2019.

Kæru félagar, velkomin til starfa á 47. þingi SSF.

Skýrsla stjórnar SSF fyrir stjórnartímabilið 2016 til 2019 liggur frammi á borðum okkar og einnig á heimasíðu SSF. Í skýrslunni er gerð nákvæm grein fyrir starfi SSF síðastliðin þrjú ár og einnig eru þar birtir ársreikningar og fleira áhugavert. Fundargerð 46. þings er einnig meðal fundargagna. Það fylgir því mikil ábyrgð að sitja þingi SSF og móta stefnu stéttarfélagssins í kjaramálum og réttindamálum fyrir félagsmenn SSF næstu árin og jafnframt að kjósa þá forystumenn, sem framfylgja skulu þeirri stefnu, sem þingið ákveður. Þingið fer með æðsta vald samtakanna og stjórn, samninganefnd og starfsmenn SSF eiga fyrst og fremst að framfylgja þeim ákvörðunum og ályktunum sem þingi SSF samþykkir hverju sinni.

Stéttarfélagið okkar er að mörgu leyti einstakt meðal stéttarféлага. Það sem gerir stéttarfélagið einstakt er sú heillapróun að allir starfsmenn fjármálafyrirtækjanna, aðrir en æðstu stjórnendur, eru félagsmenn í einu og sama stéttarfélagi. Við tökum öll réttindi og kjör okkar samkvæmt sama kjarasamningi óháð því hvaða starfi við gegnum og einnig óháð menntun okkar eða öðrum bakgrunni. Að sjálfsögðu eru launakjör félagsmanna misgóð enda bakgrunnur, svo sem menntun og reynsla, ólíkur. En réttindi svo sem veikindaréttur, orlofsréttur, lífeyrisréttur, tryggingar, fæðingarorlof, aðgangur að sjóðum SSF og annar grundvallaréttur byggir á sameiginlegum kjarasamningi. Þessi tilhögun er heillavænleg fyrir alla félagsmenn SSF og einnig fyrir fyrirtækin, sem félagsmenn SSF vinna hjá.



Allsherjarnefnd 2 - Heilbrigðismál og velferð borgaranna.

Hræringum í heimi fjármála er örugglega ekki lokið, en mikið er skrifað um næstu skref, án þess þó að ákvarðanir hafi verið teknar svo vitað sé. Hér er því rétt að ítreka enn og aftur áminningu sem ég hef áður flutt: *Hlutverk kjörinna fulltrúa SSF er nú eins og endranær að standa vörð um réttindi, kjör og atvinnuöryggi félagsmanna SSF með öllum tiltækum ráðum. Starfsmenn eiga ekki að vera leiksoppar eða fórnarlömb í valdabaráttu eigenda fyrirtækjanna. Við höfum átt því láni að fagna að gagnkvæmt traust og virðing ríkir milli stjórnenda og félagsmanna SSF og það er verkefni allra kjörinna fulltrúa stéttarfélagssins SSF að tryggja að svo verði enn um alla framtíð. Þannig náum við best að tryggja áframhaldandi góð störf hjá öflugum, vel reknum og framsæknum fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum í eigu þeirra.*

Það er með öllu óásættanlegt ef starfsmenn eru hafðir að leiksoppum og starf þeirra og framtíð að engu metin þegar ákvarðanir eru teknar um framtíðar uppbyggingu fjármálakerfisins. Eigendur fyrirtækjanna, hvort sem er ríkið eða einkaaðilar, mega ekki gleyma því að mannauðurinn er mikilvægasta auðlind sem framtíð fyrirtækisins byggir á. Vel upplýstir starfsmenn sem finna að þeir eru metnir að verðleikum eru þyngdar sinnar virði í gulli, og mikið meira en það.

### Enn fækkar félagsmönnum SSF

Á þingi SSF 2016 voru félagsmenn að baki þingfulltrúum rúmlega 4000. En enn fækkar félagsmönnum og núna í lok árs 2018 eru félagsmenn 3800. Fækkunin nú er mest í stóru bönkunum þremur, útibúum fækkar enn og varla líður sá mánuður að ekki séu tilkynntar uppsagnir eða starfslokasamningar gerðir við félagsmenn SSF. Enginn veit hvernig þessi þróun verður en líklega getum við enn búið okkur undir frekari fækkun starfa í fjármálafyrirtækjum.

Mikið er rætt um næstu skref, án þess þó að ákvarðanir hafi verið teknar. Nú á ríkið tvo stóra viðskiptabanka að mestu, Landsbankann og Íslandsbanka. Fjármálaráðherra er með tillögu um að selja Íslandsbanka allan á örfáum árum en halda eftir um 40% hlut ríkisins í Landsbanka. Margir kalla á sameiningu ríkisbankanna, ekki síst fjölmiðlar, stjórnálamenn ýmsir og „virkir í athugasemdum“. Það er mjög ólíklegt að tveir af þremur stóru bönkunum verði sameinaðir, fyrst og fremst með samkeppnissjónarmið í huga, enda væri hlutdeild sameinaðs banka um 70% á bankamarkaði. Slík sameining var fyrirhuguð árið 2000 en þáverandi Samkeppnissráð hafnaði þeirri sameiningu algjörlega þar sem einn stór banki væri þá með um og yfir 60% af öllum bankamarkaði. Það þótti ekki samræmast samkeppnissjónarmiðum fyrir 19 árum síðan og sömu lögmál samkeppni gildi örugglega einnig í dag.



Allherjarnefnd 3 - Ungt fólk á vinnumarkaði - tæknibreytingar.



## Kjarasamningar 2015 - 2018

Kjarasamningar SSF árið 2015 voru erfiðir og tóku langan tíma eða tæpa sjö mánuði. Samningarnir 2014 runnu út 28. febrúar 2015 og fyrstu 2-3 mánuðina gerðist afar lítið við samningaborðið. Til að byrja með var erfitt að fá gagnaðila SSF að samningaborðinu en ástandið á almenna vinnumarkaðinum í apríl 2015 var ekki ólíkt því sem nú er. Mikil ólga var á vinnumarkaði og um tíma var allt útlit fyrir að yfir 70 þúsund launamenn á vinnumarkaðinum væru á leiðinni í verkföll sem hefðu orðið margfalt víðtækari en þær verkfallsaðgerðir sem eru í undirbúningi um þessar mundir. Vorið og fram á sumarið 2015 var sérstaklega róstudamt á vinnumarkaðinum. Auk verkfallsboðana ASÍ-félaga boðuðu 17 BHM-félög viðamiklar verkfallsaðgerðir sem hófust 7. apríl og stóðu í tíu vikur og 2.100 hjúkrunarfræðingar fóru í verkfall 27. maí, sem stóð í tvær vikur eða þar til ríkið greip inn í með lagasetningu 13. júní og fól gerðardómi að ákveða kjör þessara stétta.

Meginkrafan í kjaradeilunni 2015 var að grunnlaun sem þá lágu í rúmum 200 þúsund kr. hækkuðu verulega þannig að lágmarkslaun færu upp í 300 þúsund kr. innan þriggja ára. „Fólk er bara orðið reitt. Það er ekki hægt að lifa sómasamlegu lífi á þessum launum,“ sagði verkalýðsforingi. „Almenningur er á okkar bandi um að þetta séu ekki boðleg laun fyrir fulla vinnu – rúmar tvö hundruð þúsund krónur á mánuði,“ sagði hann. Verslunarmenn og Flóabandalagið (Efling, Hlíf í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur) kynntu samstilltar verkfallsaðgerðir 5. maí en þær beindust að fyrirtækjum í ákveðnum atvinnugreinum; hópferðafyrirtækjum 28. maí, hótelum og gististöðum 30. maí, flugafgreiðslu 31. maí og svo koll af kolli allt til 6. júní þegar hefjast átti ótímabundið allsherjarverkfall. Kröfur voru gerðar á stjórnvöld um aðgerðir til lausnar kjaradeilunum, einkum um aðgerðir í húsnæðismálum, aðgerðir til að styrkja stöðu leigjenda o.fl. og eftir nokkrar tilraunir til að þoka málum áfram í Karphúsinu náðist samkomulag 25. maí um að fresta fyrirhuguðum verkfallsaðgerðum sem hefjast áttu 28. maí um fimm sólarhringa. Þá fóru hjólin að snúast við samningaborðin og 26. maí lágu fyrir megináherslur í drögum að nýjum kjarasamningi til þriggja ára. SGS og Verslunarmenn skrifuðu undir nýjan kjarasamning 29. maí 2015 og félög iðnaðarmanna 22. júní 2015. SSF skrifaði undir nýjan kjarasamning í september 2015 eins og áður segir.

Árið 2015 lofaði ríkið m.a. breytingum á tekjuskatti með fækkun skattþrepa í tvö í tveimur áföngum og að lægra skattþrepið færi niður í 22,50% og persónuafsláttur hækkaði til samræmis við verðlag. Skattalækkarnir áttu að kosta 9 til 11 milljarða kr. Einnig var lofað aðgerðum í húsnæðismálum, stuðningi við leigjendur og stuðningi til kaupa á fyrstu íbúð, jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða og lofað var niðurfellingu tolla og vörugjalda á rafmagnstæki, fatnað og skó svo dæmi séu nefnd. Vinnudeilur á bæði almennum og opinberum markaði settu sannarlega mark sitt á allt árið. Alls voru gerðir 229 kjarasamningar hjá ríkissáttasemjara á árinu 2015. 60 sáttamál komu til kasta embættisins. Alls voru boðaðar 43 vinnustöðvanir á árinu og komu 29% þeirra til framkvæmda.

Það er nauðsynlegt að rifja upp þessa sögu enda giltu þessir kjarasamningar allt frá því fyrir þing SSF árið 2016 og til dagsins í dag. Þessi lýsing á hins vegar vel við hér því staða kjaramálanna er í nákvæmlega sama fari og kjaramálin voru fyrir tæpum 4 árum. Nú er krafan um að lágmarkslaun hækki úr krónum 300.000 í 425.000 á þremur árum, rúmlega 40.000 krónur ár hvert. Sama krónutöluhækkun komi á öll mánaðarlaun á bilinu 300.000 og upp úr. Tilboð Samtaka atvinnulífsins er hins vegar um 2,5% hækkun á laun yfir 600.000 krónur en 15.000 á mánaðarlaun þar fyrir neðan. Enn er því haf og himinn á milli krafna stéttarféлага og tilboðs SA. Ríkið sem lofaði tveimur skattþrepum árið 2015 og stóð við það lofar nú að fjölga skattþrepunum aftur í þrjú, þar sem lægsta þrepið verður 4% lægra en lægra þrepið núna, en hátekjuskattur 46,24% verði óbreyttur. Þetta er að mörgu leyti skrítin aðferðafræði þar sem flestir eru á þeirri skoðun að veruleg hækkun á persónufrádrætti kæmi flestum betur. En vissulega er hækkun á persónufrádrætti afar dýr aðgerð fyrir ríkið. Skattaloforð ríkisins núna kostar ríkissjóð um 14 milljarða, en ásamt smá viðbótum í barna- og húsnæðisbætur er framlag ríkisins til lausnar kjaradeilunni um 18 milljarðar.



## Kaupmáttur meðallauna 2015 - 2018

Á samningstímanum 2015 til 2018 hækkuðu öll laun á bilinu 21 til 26 prósent. Lægri launin hækkuðu mest í prósentum en hærri launin aðeins minna. Munurinn lá í upphafshækkun launa sem samkvæmt launaþróunartryggingu var á bilinu 3,2 til 7,5 prósent. Þetta er með hæstu umsömdu kjarasamningsbundnu launahækkunum sem sést hafa undanfarna áratugi. Það voru því margir fræðingar á þeirri skoðun að rúmlega tuttugu prósent launahækkunar myndu leiða til verðhækkana og aukinnar verðbólgu. Í venjulegu árferði hefði það orðið raunin en við Íslendingar höfðum ýmsar ytri aðstæður í liði með okkur á árunum 2015 til 2018. Veiði á uppsjávarfiski, aðallega makríl, færði okkur auknar gjaldeyristekjur. Mikil fjölgun ferðamanna og lækkun á olíuverði styrkti mjög efnahag þjóðarinnar og gengi krónunnar var nokkuð stöðugt. Ríkisstjórnir stóðu við lækkun tolla og vörugjalda og allt þetta samanlagt hélt aftur af verðbólguþraugnum. Á tímabilinu frá 1. október 2015 til 1. febrúar 2019 hækkaði vísitala neysluverðs samtals um 7,4%. Þannig óx kaupmáttur launa á bilinu 13 til 18 prósent á rúmum þremur árum.

Samkvæmt launakönnun SSF í október 2018 eru 50% félagsmanna með laun undir 770.000 krónum á mánuði og 50% félagsmanna með laun yfir 770.000 krónur á mánuði. Um 20% félagsmanna eru með laun undir 600.000 krónum á mánuði, en laun undir 400.000 krónum á mánuði eru sem betur fer fátíð. Það er öllum ljóst að lægstu laun eru alltof lág til að fólk geti almennt framfleytt sér og fjölskyldu sinni og því er nauðsynlegt að lagfæra kjör þessa hóps. En það er vandasamt verk og virðist oft ofviða í gegnum kjarasamninga eina og sér. Á undanförunum árum hefur stundum verið samið um krónutöluhækkunir taxtalauna og þannig reynt að hækka lægri og meðallaun meira í prósentum talið en hærri launin. Þessar tilraunir til jöfnunar hafa hins vegar ekki gengið eftir fyrir vinnumarkaðinn sem heild. Stórir hópar á vinnumarkaði hafa notað prósentu- hækkun lægri launa sem kröfu fyrir hækkun heildarlauna efri hópa og oftast en ekki náð því í gegn með illu eða góðu. Við hjá SSF erum vissulega stundum í þeim hópi, enda er samninganefnd SSF að semja fyrir félagsmenn með laun á mjög breiðu launabili og menntun og reynslu sem spannar flest svið almenna launamarkaðarins. Samninganefnd SSF leggur undirritaðan kjarasamning til atkvæða meðal allra félagsmanna og því verður samningurinn alltaf að innihalda kjarabætur sem meirihluti félagsmanna getur sætt sig við og er tilbúinn að segja já við.

Þannig er ólíklegt að kjarajöfnun í þjóðfélaginu komi í gegnum kjarasamninga, enda líklega ekki hlutverk samningsaðila að sjá til þess. Vinnumarkaðurinn setur sinn verðmiða á öll störf hvort sem okkur líkar betur eða verr og þannig munum við alltaf sjá mun á launum félagsmanna. Líklega er eina færa leiðin til að bæta stöðu þeirra sem lægri launin hafa í gegnum skattakerfið, húsnæðisbætur og barnabætur. En þá verða allir aðilar að leggjast á eitt til að fara þá leið. Þeir sem betur eru settir í þjóðfélaginu, bæði fyrirtæki og einstaklingar, verða að vera tilbúnir til að borga og þeir sem stjórna þjóðar- búinu að skilja nauðsyn þess að sumir þurfa aðstoð til að sjá sér og sínum farborða. Í yfirstandandi kjaraviðræðum hefur samninganefnd SSF lagt áherslu á þrjá meginþætti. Hækkun launa og allra launatengdra liða fyrir alla félagsmenn, styttri vinnuviku úr 37,5 tímum í 35 tíma, og/eða styttri mánaðarlega vinnuskyldu úr 163 tímum í 150 tíma og síðast að koma skipulagi á fastlaunasamninga þannig að ekki sé gengið freklega á frítíma þeirra sem vinna samkvæmt fastlaunasamningum. Að sjálfsögðu koma fleiri atriði inn á borðið eins og okkar frægi gamlársdagur. En það er eitt af meginverkefnum þessa þings að setja niður þær megináherslur sem þingfulltrúar beina til samninganefndar SSF að semja um til næstu ára.

## Fjórða iðnbyltingin

En nú aðeins að framtíðinni og hvernig störfin okkar munu breytast á næstu árum og hér vitna ég í skýrslu forsætisráðherra sem er í þinggögnum. Það er nauðsynlegt fyrir stéttarfélag að huga vel að og viðurkenna þessar breytingar, annars koma þær aftan að okkur og við höfum engin áhrif á þróunina. Eitt verkefni framtíðarnefndar Allsherjarnefndar á þessu þingi og Fræðlunefndar þingsins er að koma með tillögur að breytingum á reglum menntunarsjóðs SSF með það markmið að auðvelda félagsmönnum aðgang að sí- og endurmenntun til að takast á við fjórðu iðnbyltinguna, tækni, gervigreind og sjálfvirkni starfa.



Umræða um áhrif fjórðu iðnbýltingarinnar á íslenskt samfélag er enn skammt á veg komin. Íslenskt atvinnulíf hefur þó lengi verið opið fyrir tækninýjungum og tileinkað sér í auknum mæli þær nýjungar sem einkenna fjórðu iðnbýltinguna. Ef við miðum við okkar störf þá hefur notkun gervigreindar við að taka ákvarðanir um til dæmis lánveitingar ekki bara áhrif á starfsfólk banka heldur þýðir að fleiri aðilar geta komið inn á þann bankamarkað. Viðskiptasaga einstaklinga er ekki lengur geymd hjá þeim banka sem einstaklingur á viðskipti við eins og var hér áður heldur komast lánveitendur í miðlæg stafræn gögn um viðskiptavini og beita svo meðal annars gervigreind til að taka ákvörðun um lán til viðkomandi. Hugmyndin um að tækni muni ásælast störf okkar er stærsta rök-villan. Stærra tækifæri liggur í því að nota tæknina til að bæta frammistöðu og auka við virkni mannanna. Það er hægt að nýta tækni bæði til að útrýma störfum og skapa þau.

Á næstu árum og áratugum gefst tækifæri til að hugsa vel um hvernig ný tækni getur fært þjóðfélagið í átt að jafnrétti, jöfnuði og hamingju þegnanna. Sjálfvirknivæðing á vinnumarkaði er alþjóðleg þróun sem mun að lokum hafa einhver áhrif á öll lönd, atvinnugreinar og störf. Eðli hinnar undirliggjandi tækni gefur ástæðu til að ætla að breytingar kunni að verða hraðar og dreifast víða eins og áður hefur komið fram. Það er auðvitað ómögulegt að segja nákvæmlega til um hver áhrif alls þessa verða á einstök störf, enda tækni breytileg og störfin líka. Breytileg, huglæg verkefni sem krefjast dóm- og tilfinningagreindar, getu til að leysa vandamál, innsæis og sköpunargáfu, sem og líkamlegri verkefni sem krefjast mikillar aðlögunarhæfni eða samskipta við annað fólk, hafa enn ekki verið tæknivædd. Þetta telja sérfræðingar líklegt að verði áfram raunin, í það minnsta til skemmri tíma litið. Árið 2017 voru rúmlega 50 þúsund einstaklingar á Íslandi í störfum sem teljast mjög líkleg til að verða sjálfvirknivædd á næstu tíu til fimmtán árum samkvæmt aðferðafræði OECD. Það eru um 28% íslensks vinnumarkaðar. Þetta eru þau störf sem geta horfið með öllu eða breyst svo mikið að þau teljist ekki lengur sambærileg við það sem áður var. Störfum í iðnaði og sölu- og þjónustustarfsemi mun líklega fækka mest. Verkalýðshreyfingin getur liðsinnt félagsmönnum sínum með því að styrkja umhverfi sí- og endurmenntunar og móta það í samræmi við nýjar áherslur. En það er verkefni einstaklinganna að bera sig eftir björginni og afla sér nýrrar færni eftir því sem við á.

Hægt er að nýta tækni til þess að auðvelda lífið og auka vellíðan. Þannig hefur talsverð umræða verið í samfélaginu um kulnun í starfi og er þá vísað til ástands þar sem viðvarandi álag hefur veruleg neikvæð áhrif á andlega heilsu fólks. Krafa er uppi um meiri sveigjanleika þegar kemur að vinnu. Því má velta fyrir sér hvort hægt sé að auka lífsgæði fólks með því að fækka vinnustundum til að auka möguleika á samveru með vinum og fjölskyldu eða til að sinna áhugamálum. Einnig hvort hægt sé að styðja fólk við að skipta um starfsvettvang á starfsævi sinni með möguleika á að gera hlé á vinnu áður en hafin eru störf á nýjum vettvangi. Tækni getur líka bætt starfsaðstöðu fólks og auknið velferð á vinnustað. Slík markmið er nauðsynlegt að ræða þegar fjallað er um uppbrot á vinnumarkaði vegna tæknibreytinga.



Kjaranefnd.



## Launaleynd, sjá jafnréttislög 2008

Árið 2008 voru samþykkt ný jafnréttislög á Alþingi Íslendinga. Ákvæði um sérstaka vottun um launajafnrétti komu inn í lögina 2017. Í þessum lögum eru sterk ákvæði um jafnrétti til launa, aðgerðir til að sporna við launamismunun kynjanna og viðurlög ef lögnum væri ekki framfylgt. Í lögnum segir m.a.: Atvinnurekendur og stéttarfélög skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Atvinnurekendur skulu sérstaklega vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf. Sérstök áhersla skal lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.

Fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skulu setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22. gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti. Fyrirtæki og stofnanir skulu skv. 2. mgr. afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um framgang jafnréttismála þegar Jafnréttisstofa óskar eftir því innan hæfilegs frests. Hafi fyrirtæki eða stofnun skv. 2. mgr. ekki gert jafnréttisáætlun eða samþætt jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína skal Jafnréttisstofa beina þeim fyrirmælum til viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar að gerðar séu viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests. Hið sama gildir sé það mat Jafnréttisstofu að jafnréttisáætlun fyrirtækis eða stofnunar skv. 2. mgr. sé ekki viðunandi eða að jafnréttissjónarmið hafi ekki verið samþætt í starfsmannastefnu með nægilega skýrum hætti. Ef þessum ákvæðum er ekki framfylgt getur Jafnréttisstofa lagt dagsektir á fyrirtækin.

Í lögnum er sérstaklega rætt um launaleynd en þar segir m.a.: *Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.* Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun. Starfsmönnum skal ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo.

Launaleynd er tæki til að halda niðri launum og því hefur stjórn SSF ítrekað það að enginn samningur sé milli samningsaðila um að atvinnurekandi geti krafist launaleyndar með því að krefjast trúnaðar af starfsmanni um launakjör hans. Hins vegar er samningur milli aðila um að orðið „einkamál“ má setja á launaseðilinn en það er þá ákvörðun hvers félagsmanns hvort hann segir frá sínum einkamálum. Það er staðreynd að launaleynd er tæki til að mismuna fólki í launum án frambærilegra skýringa. Þeir sem vilja hafa launaleynd og predika hana sem nauðsynlegt tæki fyrir launagreiðendur til að „verðlauna góða starfsmenn“ eru ekki starfi sínu vaxnir því þeir treysta sér ekki til að standa frammi fyrir sínum starfsmönnum og skýra ástæður þess að einn er hærra launaður en annar. Því meira sem launin eru sýnileg og launastefna gegnsæ því meiri verður samheldni, samkennd og samhugur starfsmanna innan sama fyrirtækis til að gera fyrirtækið enn öflugra og framsæknara á öllum sviðum.

### Gullmerki fyrir launajafnrétti

Á undanförnum þremur árum hafa fjármálafyrirtækin innleitt jafnlaunastaðal og unnið að jafnlaunastefnu í samvinnu við til þess bær vottunarfyrirtæki. Og mörg fjármálafyrirtæki hafa fengið gullmerki fyrir góðan árangur. En hvað er jafnlaunastaðall? Jafnlaunastaðallinn er mikilvægt tæki fyrir sérhvern atvinnurekanda til að tryggja þá lagaskyldu sínu að greiða sömu laun fyrir jafnverðmæt störf. Hann gefur fyrirtækjum og stofnunum tæki til að innleiða markvissar og faglegar aðferðir við ákvörðun launa og þar með viðhalda og bæta stjórnun jafnlaunamála innan fyrirtækis. Forsenda innleiðingar er m.a. að fram fari launagreiðing innan fyrirtækis, að ákveða þau viðmið sem lögð skuli til grundvallar flokkun starfa innan fyrirtækisins og flokka störfin síðan á grundvelli þessara viðmiða þannig að saman flokkist sömu eða jafnverðmæt störf. Jafnlaunaviðmið verða að vera málefnaleg og viðeigandi og skulu ákveðin út frá þeim kröfum sem starf gerir til starfsmanns, óháð því hver sinnir því. Jafnlaunastaðallinn kemur ekki í veg fyrir að horft sé til einstaklingsbundinna þátta við launaákvörðun en slíkir þættir verða einnig að eiga sér stoð í fyrirfram ákveðnum jafnlaunaviðmiðum. Það er hins vegar sérhvers



atvinnurekanda að ákveða sín jafnlaunaviðmið út frá inntaki starfanna í viðkomandi fyrirtæki. Þá leggur jafnlaunastaðallinn mikla áherslu á skjalastýringu og reglubundna innri rýni. Jafnlaunastaðlinum er ekki ætlað að útrýma þeim mun sem kannanir sýna að eru til staðar milli kvenna og karla almennt á vinnumarkaði þó svo vissulega sé það von þeirra sem stóðu að innleiðingu hans að svo verði.

Almennt er ekki vafi á hvaða störf teljist þau sömu. Það er hins vegar krafan um að sömu laun og kjör skuli gilda óháð kynferði fyrir störf sem metin eru jafnverðmæt sem getur verið flókin í framkvæmd. Hvaða störf innan fyrirtækis eru jafnverðmæt? Hvernig á að finna það út? Þrátt fyrir þessa innleiðingu jafnlaunastaðals hefur óútskýrður launamunur kynjanna hjá fjármálafyrirtækjum aukist úr 32% árið 2015 í 40% árið 2018 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Óútskýrður launamunur tekur ekki tillit til verksviðs, heildarvinnutíma, menntunar, starfsreynslu og mannaforráða. Þetta er afar skrytinn launaþróun og þarfnast skýringa frá fjármálafyrirtækjunum. Er matið á „jafnverðmæt störf“ innan fyrirtækjanna kannski á villigötum?

Starf félagsmanna SSF í íslenskum fjármálafyrirtækjum er skemmtilegt, fjölbreytt og gefandi en um leið erfitt, krefjandi og stundum vanþakklátt. Það er lenska hér á landi að setja út á og tala illa um einstaklinga og fyrirtæki sem græða peninga. Starfsmennirnir, félagsmenn SSF, sem eru andlit fyrirtækjanna þurfa oft að ósekju að sitja undir skömmum og rangfærslum þeirra viðskiptavina, sem trúa orðum stjórn mála- og fjölmiðlamanna. Auðvitað verða fjármálafyrirtækin að skoða alla þætti í rekstrinum vel og gæta þess að hagnast ekki á óeðlilegan hátt á gjöldum og vaxtamun. En skammirnir um mikla og óeðlilega gjaldtöku fjármálafyrirtækjanna, sem tröllriðið hefur umræðunni undanfarin misseri, voru flestar byggðar á rangfærslum, misskilningi eða vísitandi blekkingum. Menn éta upp rangar staðhæfingar hver eftir öðrum og að endingu trúa upphafsmennirnir sjálfir því að þeir fari með staðreyndir. Vextir hér á landi eru of háir meðal annars vegna þess að stýrivöxtum Seðlabanka Íslands er haldið háum til að reyna að sporna við eyðslu, viðskiptahalla og verðbólgu. Háir stýrivextir eru hins vegar afleiðing af óráðsú bæði hjá einstaklingum en ekki síður hjá ríkisvaldi og bæjarfélögum. Þegar meiri festa kemst á í ríkisbúskapnum þá getum við búist við að stýrivextir lækki eitthvað og vextir greiddir af einstaklingum og fyrirtækjum munu þá vonandi einnig lækka.

Nú ríkir samkeppni á öllum sviðum og félagsmenn finna fyrir auknum kröfum sem gerðar eru til þeirra á flestum sviðum. Fjármálaheimurinn kallar á aukna sérhæfingu og enn meiri menntun, ekki bara í fjármálaþjónustu heldur einnig stjórnun, skipulagi og framtíðarsýn, bæði heimila og fyrirtækja. Þessa menntunarbætti er ekki hægt að uppfylla með því einu að ráða inn nýtt starfsfólk heldur verða fyrirtækin í samvinnu við starfsmenn sína og stéttarfélagið að setja endurmenntun og símenntun í öndvegi, því einungis þeir sem það gera munu spjara sig í samkeppninni. Ekki má gleyma mikilvægi þess að styrkja og styðja undirstöðurnar, meðal annars það afl sem felst í sterku og framsæknu stéttarfélagi.

Öll réttindamál íslenskra verkamanna eru tilkomin fyrir sameinaða baráttu félagsmanna verkalyðsfélaganna. Ekkert þeirra þótti sjálfsagt eða var sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu stéttarfélaganna. Þetta á við sumarleyfi, tryggingar, fæðingarorlof, lífeyrisgreiðslur, veikindarétt, styrktarsjóði, menntunarsjóði, mötuneyti, sumarhús og margt margt fleira. Þessi réttindi þarf stöðugt að verja því öll eru þau hluti af heildarkjörum okkar og metin sem slík þegar kjaraviðræður eru í gangi. Það er ástæða til að sporna fast gegn tilhneigingu í þá veru að menn semji af sér umsamin kjör í svokölluðum einstaklingssamningum, því kjarasamningurinn er, og verður alltaf, lágmarkskjör og niður fyrir þau kjör má ekki fara.

Í lok kjörtímabilsins vill stjórn SSF þakka öllum félagsmönnum, aðildarfélögum samtakanna, stjórnnum þeirra, trúnaðarmönnum, starfsnefndum, svo og starfsmönnum aðildarfélaganna og SSF ánægjulegt og gefandi samstarf.

Stjórn SSF óskar þingfulltrúum til hamingju að vera kosnir sem fulltrúar starfsmanna til að móta stefnu SSF til næstu þriggja ára. Við vonum að þingið verði bæði viðburðaríkt og árangursríkt og að niðurstöður þess verði öllum félagsmönnum til heilla í nánastu framtíð.

Takk fyrir.

Helga Jónsdóttir þingforseti opnaði umræðu um skýrslu stjórnar en enginn gaf sig fram.



# Lagabreytingatillögur lagðar fram af stjórn SSF

Hörður Jens Gunnarsson las upp tillögurnar.

## Tillaga 1

### 3. gr. samþykktá SSF

*Núverandi grein:*

3. gr. Með fyrirtækjum er í samþykktum þessum átt við banka, sparisjóði, önnur fjármálafyrirtæki og þjónustustofnanir þessara aðila. Með félagsmönnum er í samþykktum þessum átt við alla sem rétt eiga til aðildar að SSF skv. 4. gr.

*Grein eftir breytingu:*

3. gr. Með fyrirtækjum er í samþykktum þessum átt við fjármálafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki, þjónustustofnanir þessara aðila og önnur fyrirtæki sem taka að sér útvistað verkefni fyrir fjármálafyrirtæki. Með félagsmönnum er í samþykktum þessum átt við alla sem rétt eiga til aðildar að SSF skv. 4. gr.

### Greinargerð

Lagt er til að orðalag í greininni taki mið af skilgreiningu á fjármálafyrirtækjum sem er kveðið á um í lögum um fjármálafyrirtæki. Önnur breyting snýr að útvíkkun á rétti til aðildar vegna útvistaðra verkefna. Það er að færast í aukana að fjármálafyrirtæki útvisti verkefnum til þjónustustofnana, sem felur í sér að starfsmenn umræddra fjármálafyrirtækja færa sig yfir til þessara þjónustustofnana. Starfsmenn sem verða fyrir því að störfum þeirra sé útvistað til annarra aðila hafa oft ekki val um að vera áfram í fjármálafyrirtækinu og þurfa því að flytja sig en vilja áfram vera félagsmenn SSF ef þess er kostur og skilyrði 4. gr. samþykktanna eru uppfyllt. Breyting þessi tekur mið af því að koma til móts við þann hóp félagsmanna sem lenda í þannig endurskipulagningu.

## Tillaga 2

### 7. gr. samþykktá SSF

*Núverandi grein:*

7. gr. Stjórnin getur vikið aðila (einstaklingi eða félagi) úr sambandinu, ef hann brýtur samþykktir þess. Til brottvikningar þarf samþykki 8 stjórnarmanna af 11. Ákvörðun um brottvikningu skal tilkynna viðkomandi í ábyrgðarbréfi þar sem tilgreina skal ástæðu fyrir henni og hvenær hún taki gildi. Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing SSF til fullnaðarákvörðunar. Til staðfestu brottvikningar þarf 3/5 greiddra atkvæða. Aðili, sem vikið hefur verið úr SSF, á enga kröfu á hendur því né neitt tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.



Allsherjarnefnd 1 - Jafnréttismál, fjölskyldan, tekjujöfnuður.





*Grein eftir breytingu:*

7. gr. Stjórnin getur vikið aðila (einstaklingi eða félagi) úr sambandinu, ef hann brýtur samþykktir þess. Til brottvikningar þarf samþykki 7 stjórnarmanna af 9. Ákvörðun um brottvikningu skal tilkynna viðkomandi í ábyrgðarbréfi þar sem tilgreina skal ástæðu fyrir henni og hvenær hún taki gildi. Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing SSF til fullnaðarákvörðunar. Til staðfestu brottvikningar þarf 3/5 greiddra atkvæða. Aðili, sem vikið hefur verið úr SSF, á enga kröfu á hendur því né neitt tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.

### **Greinargerð**

Nauðsynlegt er að breyta fjölda stjórnarmanna sem þarf til að samþykkja brottvikningu úr sambandinu, til samræmis á breytingu á 26 gr. samþykktanna, þar sem á 46. þingi var tekin ákvörðun um að breyta fjölda stjórnarmanna úr 11 í 9.

### **Tillaga 3**

#### **11. gr. samþykktá SSF**

*Núverandi grein:*

11. gr. SSF skal halda skrá yfir alla félagsmenn sína. Á sama hátt haldi sambandið skrá yfir stjórnir aðildarfélaganna, fulltrúaráð og trúnaðarmenn á vinnustöðum.

*Grein eftir breytingu:*

11. gr. SSF skal halda skrá yfir alla félagsmenn sína. Á sama hátt haldi sambandið skrá yfir formenn aðildarfélaganna og trúnaðarmenn á vinnustöðum.

### **Greinargerð**

Ekki eru haldnar skrár hjá SSF yfir stjórnir og fulltrúaráð aðildarféлага og vandséð hvaða tilgangi það þjónar. Eingöngu eru haldnar skrár yfir formenn og trúnaðarmenn aðildarféлага sem gegna stóru hlutverki í innra starfi félagsins samkvæmt samþykktunum.

### **Tillaga 4**

#### **20. gr. samþykktá SSF**

*Núverandi grein:*

a) Stjórn SSF skal mánuði fyrir þingbyrjun skipa þrjá félagsmenn í kjörbréfanefnd til að rannsaka kjörbréf og skal hún skila álitum á fyrsta þingfundi.

b) Stjórn SSF skal skipa 5 manna kjörnefnd eigi síðar en 3 mánuðum fyrir þingsetningu. Kjörnefnd skal skipuð 5 fullgildum félagsmönnum. Ákveði félagsmaður sem skipaður hefur verið í kjörnefnd að bjóða sig fram til stjórnarsetu skal skipa annan í hans stað. Kjörnefnd skal í samvinnu við starfsmenn skrifstofu SSF auglýsa eftir framboðum til stjórnar, kynna framboðendur og kalla eftir upplýsingum um þá sem tilnefndir eru sem fastafulltrúar í stjórn félagsins. Framboð til stjórnar skal berast kjörnefnd eigi síðar en 1 mánuði fyrir þingsetningu.

*Grein eftir breytingu:*

a) Stjórn SSF skal skipa 5 manna kjörnefnd eigi síðar en 3 mánuðum fyrir þingsetningu. Kjörnefnd skal skipuð 5 fullgildum félagsmönnum. Ákveði félagsmaður sem skipaður hefur verið í kjörnefnd að bjóða sig fram til stjórnarsetu skal skipa annan í hans stað. Kjörnefnd skal í samvinnu við starfsmenn skrifstofu SSF auglýsa eftir framboðum til stjórnar og kynna framboðendur. Framboð til stjórnar skal berast kjörnefnd eigi síðar en 1 mánuði fyrir þingsetningu.

b) Kjörnefnd rannsakar kjörbréf og skal hún skila álitum á fyrsta þingfundi.

### **Greinargerð**

Lagt er til að Kjörnefnd rannsaki kjörbréf þar sem ástæðulaust er að skipa sérstaka nefnd í þetta hlutverk. Kjörnefndin er ábyrg fyrir stjórnarkjörinu og ætti því að vera ábyrg fyrir rannsóknum á kjörbréfum. Er í dag óþarflega flókið fyrirkomulag. Einnig er lagt til að núverandi a-liður verði b-liður svo að röð verkefna séu í samræmi við framkvæmd. Einnig er lagt til að tilvísun í tilnefningar fastafulltrúa í stjórn verði tekin út þar sem ekki eru lengur fastafulltrúar í stjórn.



## **Tillaga 5**

### **6 tl. 21. gr. samþykktá SSF**

*Núverandi grein:*

6 tl. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar.(sjá gr. 24)

*Grein eftir breytingu:*

6 tl. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar (sjá 23. gr.).

### **Greinargerð**

Tilvísun leiðrétt þannig að vísað sé í rétt ákvæði.

## **Tillaga 6**

### **23. gr. samþykktá SSF**

*Núverandi grein:*

23. gr. Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af skoðunarmönnum SSF. Jafnframt skulu reikningar SSF endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningar SSF skulu vera aðgengilegir félagsmönnum á Mínum síðum SSF að lokinni endurskoðun og undirritun stjórnar SSF.

*Grein eftir breytingu:*

23. gr. Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af féhirði SSF. Jafnframt skulu reikningar SSF endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningar SSF skulu vera aðgengilegir félagsmönnum á vefsíðu SSF að lokinni endurskoðun og undirritun stjórnar SSF.

### **Greinargerð**

Félög hafa í auknum mæli fallið frá kröfum um félagskjörna skoðunarmenn eftir að tekin var upp sú regla að reikningar væru vottaðir af löggiltum endurskoðanda. Hjá SSF hefur féhirðir (gjaldkeri í stjórn SSF) það hlutverk að yfirfara reikninga félagsins auk þess sem endanlegur ársreikningur er birtur á heimasíðu félagsins. Þar af leiðandi er í raun ekki lengur þörf fyrir félagskjörna skoðunarmenn. Því er lagt til að í stað skoðunarmanna komi féhirðir.

Reikningar félagsins hafa verið birtir á heimasíðu SSF ásamt ársskýrslu félagsins. Ekki er þörf á að takmarka birtingu við Mínar síður, því er lagt til að orðalagi sé breytt í vefsíðu SSF.

## **Tillaga 7**

### **26. gr. samþykktá SSF**

*Núverandi grein:*

26. gr. Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.

Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embætta. Stjórnina skipa 9 aðal menn. Kjósa skal formann og varaformann hvorn fyrir sig, en síðan 7 meðstjórnendur úr hópi þeirra félagsmanna sem boðið hafa sig fram til stjórnarsetu samanber 20. grein samþykktá SSF.

Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga.

Stjórnin kys féhirði og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 1. varaformann úr sínum hópi.

*Grein eftir breytingu:*

26. gr. Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.



Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embætta. Stjórnina skipa 9 aðalmenn. Kjósa skal formann og 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig, en síðan 6 meðstjórnendur úr hópi þeirra félagsmanna sem boðið hafa sig fram til stjórnarsetu samanber 20. gr. samþykktá SSF.

Tryggja skal að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40% og tryggja skal að formenn séu ekki allir af sama kyni. Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga og gæta þess við talningu atkvæða að kynjahlutföll séu í samræmi við þetta ákvæði. Kjörnefnd skal jafnframt leitast við að framboð til stjórnar sé í samræmi við kynjahlutföll.

Stjórnin kys féhirði og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi.

### Greinargerð

Á 46. þingi SSF árið 2016 var stjórnarmönnum fækkað úr 11 í 9. Var þetta talið eðlilegt miðað við breyttar aðstæður og færri aðildarfélög að SSF. Einnig getur stjórn alltaf kallað saman formannafundi sér til stuðnings þegar taka þarf stærri ákvarðanir.

Samhliða var embætti 2. varaformanns felld út. Rætt hefur verið innan stjórnar SSF hvort sú breyting hafi mögulega verið illa ígrunduð. Því er óskað eftir umræðu um það á þingi SSF hvort rétt sé að taka aftur upp embætti 2. varaformanns SSF frá og með stjórnarkjöri árið 2022.

Einnig hefur verið rætt hvort rétt sé að setja kynjakvóta í stjórn SSF og tryggja þannig kynjajafnrétti í stjórn félagsins. Þannig geti annað kynið aldrei átt færri en 40% stjórnarmanna, rétt að geta þess að 50-50 skipting er ekki möguleg í 9 manna stjórn. Samkvæmt lögum eru aðildarfyrirtæki SSF skyldug til að velja stjórnir fyrirtækjanna með hliðsjón af slíkum kynjakvóta. Verði það niðurstaða þingsins að setja kynjakvóta þá tæki sú tillaga gildi í kosningum til stjórnar árið 2022. Útfærslan þarf að vera einföld þannig að núverandi kosningafyrirkomulag gildi áfram en jöfnun kynjahlutfalla sé framkvæmd eftir talningu atkvæða.

### Tillaga 8

#### 37. gr. samþykktá SSF

*Núverandi grein:*

37. gr. Þegar stjórn SSF telur þess þörf og eigi sjaldnar en tvisvar sinnum á ári, skal kalla saman fund formanna allra aðildarfélaganna, eða varamanna þeirra. Auk formanna á stjórn SSF, ásamt samninganefnd, sæti á þessum fundum.



Laganefnd.

*Grein eftir breytingu:*

37. gr. Þegar stjórn SSF telur þess þörf, og eigi sjaldnar en árlega á milli þinga samtakanna, skal kalla saman fund formanna allra aðildarfélaganna, eða varamanna þeirra. Auk formanna á stjórn SSF, ásamt samninganefnd, sæti á þessum fundum.

### **Greinargerð**

Formannafundi má halda eins oft og þörf er á, fjöldi funda er haldinn þegar kjaraviðræður standa yfir en yfirleitt er minni þörf þess á milli. Hæfilegt að miða við að lágmarki einu sinni á ári og þá er þing SSF talið ígildi formannafundar.

### **Tillaga 9**

*Núverandi grein:*

11. tl. 21. gr. Kjör stjórnar, tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara auk annarra trúnaðarmanna.

*Grein eftir breytingu:*

11. tl. 21. gr. Kjör stjórnar auk annarra trúnaðarmanna.

## **Tillögur til lagabreytinga á samþykktum sjóða SSF**

**Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á samþykktum Styrktarsjóðs:**

### **Gr. 4.1**

**Í stað núverandi ákvæðis:** Fulltrúar SSF í stjórn sjóðsins skulu vera þrír og skulu tveir þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera í stjórn sjóðsins og gjaldkeri hans. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SSF kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir þing SSF.

**Komi nýtt ákvæði:** Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum. Stjórn SSF er jafnframt heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann.

### **Gr.4.4**

**Í stað núverandi ákvæðis:** Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

**Komi nýtt ákvæði:** Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

### **Gr. 4.6**

**Lagt er til að nýtt ákvæði Styrktarsjóðsins komi sem gr. 4.6:** Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.



Fræðslunefnd.

### Gr. 6.1

**Í stað núverandi ákvæðis:** Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF og jafnframt sendur samninganefnd bankanna.

**Komi nýtt ákvæði:** Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

**Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á samþykktum Menntunarsjóðs:**

### Gr. 4

#### Stjórn og rekstur

**Í stað núverandi ákvæðis:** Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og eru tveir kosnir á þingi SSF og einn skipaður af stjórn SSF. Jafnframt skal þing SSF kjósa tvo varamenn. Kjörtímabilið er sama og til stjórnar SSF. Stjórnin skal rita gerðarbók og rita allar samþykktir sínar í hana. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF. Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF. Ekki er greidd þóknun fyrir stjórnarsetu í stjórn sjóðsins.

#### Koma þessi ákvæði:

- Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.
- Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann.
- Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

### Gr. 6

#### Ársreikningur og endurskoðun

**Í stað núverandi ákvæðis:** Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af skoðunarmönnum SSF og löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Hann skal lagður fram samhliða reikningum SSF.

**Komi nýtt ákvæði:** Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

**Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á samþykktum Vinnudeilusjóðs:**

### 3. gr.

**Í stað núverandi ákvæðis:** Stjórn sjóðsins skipa 3 menn og skulu 2 þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF: Formaður og ritari, sem jafnframt gegnir stöðu varaformanns. Einnig skal kjósa varamann fyrir hvorn þeirra. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins. Gjaldkeri SSF kallar stjórnina saman eigi síðar en mánuði eftir sambandsþing. 23 43. þing SÍB 2007

**Komi nýtt ákvæði:** Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum. Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann. Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

### 4. gr.

**Í stað núverandi ákvæðis:** Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga og geri þingi SSF grein fyrir störfum sínum, sbr. þó 29. gr. samþykta SSF, en skv. henni fer stjórn sambandsins með æðsta vald í málefnum þess milli þinga. Sjóðurinn skal vera sjálfstæður og ávaxtaður sérstaklega og hafa sjálfstætt bókhald. Skoðunarmenn SSF yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins verði lagðir fram samhliða reikningum SSF.



**Komi nýtt ákvæði:** Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

#### 6. gr.

**Í stað núverandi ákvæðis:** Rétt til úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt grein 2 a á hver félagsmaður SSF sem greiðir félagsgjald og verður fyrir tekjumissi vegna vinnudeilu er SSF er aðili að. Stjórn sjóðsins skal setja nákvæmar reglur um úthlutun til félagsmanna og skulu þær skráðar í fundargerðarbók. Úthlutunarreglur skal ætíð endurskoða inna viku frá því að verkfall er boðað. Halda skal sérstaka gerðabók yfir úthlutunarbeiðnir og -veitingar úr sjóðnum.

**Komi nýtt ákvæði:** Rétt til úthlutunar eiga þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. gr. samþykktanna. Ákvörðun um úthlutun verði lögð fyrir stjórn SSF og formenn aðildarféлага SSF ef til vinnudeilna kemur. Úthlutun hverju sinni taki mið af stöðu sjóðsins.

#### Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á samþykktum Grunnsjóðs:

##### Gr. 4.1

**Í stað núverandi ákvæðis:** Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og skulu 3 þeirra kosnir beinni kosningu á þingi SSF. Formaður SSF og gjaldkeri SSF eru sjálfkjörnir í stjórn sjóðsins. Gjaldkeri SSF skal jafnframt vera gjaldkeri sjóðsins. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum að öðru leyti. Gjaldkeri SSF kallar nýkjörna stjórn saman eigi síðar en mánuði eftir þing SSF.

**Komi nýtt ákvæði:** Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins. Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann. Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

##### Gr. 4.4

**Í stað núverandi ákvæðis:** Sjóðurinn greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

**Komi nýtt ákvæði:** Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

##### Gr. 4.6

**Í stað núverandi ákvæðis:** Skoðunarmenn SSF yfirfara reikninga hans. Reikningar sjóðsins verði lagðir fram samhliða reikningum SSF.

**Komi nýtt ákvæði:** Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

#### Umræður um lagabreytingartillögur

Sigurjón Gunnarsson varaþingforseti gaf orðið laust vegna athugasemda um lagabreytingar, tvær athugasemdir bárust sem Laganefnd tók til umfjöllunar.

Tillögumunum vísað til Laganefndar.

## Auglýst eftir tillögum til nefnda

Sigurjón varaþingforseti auglýsti eftir tillögum til nefnda en engar tillögur bárust.

## Staða kjaraviðræðna

Friðbert Traustason, formaður SSF, fór yfir stöðu kjaraviðræðna en síðasti kjarasamningur milli SSF og Samtaka atvinnulífsins, SA, var fyrir tímabilið 01.10.2015 til 31.12.2018. Hann tók fram að sá kjarasamningur sé í fullu gildi þar til skrifað hefur verið undir nýjan samning. SA eru með umboð atvinnurekenda um að semja við öll stéttarfélög á almennum markaði og hafa ekki gefið mikið svigrúm til sérákvæða, sem dæmi gamlársdagur fyrir félagsmenn SSF. Fundir samningsaðila hafi engum árangri skilað til þessa



og viss stéttarfélag boðað til verkfalla. Friðbert vakti athygli á dræmri þátttöku félagsmanna þessara stéttarféлага varðandi atkvæðagreiðslu til verkfalla og lagði áherslu á að SSF færi ekki af stað í mögulega vinnustöðvun nema öruggt væri að lágmark 20% félagsmanna tæki þátt í allsherjar atkvæðagreiðslu og meirihluti þeirra samþykkti verkfallsboðun.

Friðbert fór yfir hvað ávannst í síðustu kjarasamningum og nefndi að heildarhækkun launa og launatengdra liða á tímabilinu var frá 20,83% upp í 25,87%. Hann fór yfir framkomnar kröfur Eflingar og VR á SA ásamt kröfu atvinnurekanda um vinnutíma og tók fram að enn væri langt á milli samningsaðila. Því væri lítill tilgangur að sitja samningafundi SSF og SA á meðan verkföll væru ýmist að skella á eða hótun um þau vofði yfir hjá yfir 100 þúsund launamönnum. Óformleg samtöl væru þó í gangi og samningsnefnd SSF verið með ýmsar góðar áherslur sem þingfulltrúar 47. þings SSF myndu nú taka þátt í að móta enn frekar.

### Hádegishlé

## Kynning á framkvæmd nefndarstarfa

Helga Jónsdóttir þingforseti fór yfir staðsetningu hópa og bað nefndir um skila inn hámark fimm ályktunum sem væru kjarnyrta og stefnumótandi.

Nefndarstörf hófust kl. 13:10 og stóðu til kl. 15:30.

## Kynning frambjóðenda

Þingforseti og varaþingforseti drógu um röð frambjóðenda til stjórnar SSF. Tilkynntu að hver fengi að hámarki þrjár mínútur til að kynna sig og kynning myndi hefjast að loknum nefndarstörfum. Formaður og 1. varaformaður voru sjálfkjörnir.

Að lokinni kynningu frambjóðenda fór þingforseti yfir hagnýt atriði varðandi framhald þingsins og kvöldverð og gerði því næst hlé á þingstörfum.

### Föstudagur 22. mars

Þing kom saman að nýju kl. 8:50. Eftir kynningu á tillögum nefnda héldu nefndarstörf áfram til kl. 11:00.

## Afgreiðsla nefndarálita

Mikil vinna var unnin í nefndum þingsins auk þess sem talsverðar umræður urðu um tillögur frá nefndum. Þennan dag var veður slæmt og var ákveðið að vinna hratt og örugglega. Bað þingforseti að lesnar yrðu aðeins þær breytingar sem höfðu orðið á tillögum nefnda frá því um morguninn. Eftirfarandi eru þær tillögur og ályktanir sem samþykktar voru á 47. þingi SSF.

### Laganefnd

Hörður Jens Guðmundsson, VÍST, fór yfir breytingartillögur Laganefndar.

#### Fyrsta tillaga samþykkt samhljóða - grein eftir breytingu

3. gr. Með fyrirtækjum er í samþykktum þessum átt við fjármálafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki, þjónustustofnanir þessara aðila og önnur fyrirtæki sem taka að sér útvistuð verkefni fyrir fjármálafyrirtæki. Með félagsmönnum er í samþykktum þessum átt við alla sem rétt eiga til aðildar að SSF skv. 4. gr.

#### Önnur tillaga samþykkt samhljóða - grein eftir breytingu

7. gr. Stjórnin getur vikið aðila (einstaklingi eða félagi) úr sambandinu, ef hann brýtur samþykktir þess. Til brottvikningar þarf samþykki 7 stjórnarmanna af 9. Ákvörðun um brottvikningu skal tilkynna viðkomandi í ábyrgðarbréfi þar sem tilgreina skal ástæðu fyrir henni og hvenær hún taki gildi. Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing



SSF til fullnaðarákvörðunar. Til staðfestu brottvikningar þarf 3/5 greiddra atkvæða. Aðili, sem vikið hefur verið úr SSF, á enga kröfu á hendur því né neitt tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.

#### **Þriðja tillaga samþykkt samhljóða - grein eftir breytingu**

11. gr. SSF skal halda skrá yfir alla félagsmenn sína. Á sama hátt haldi sambandið skrá yfir formenn aðildarfélaganna og trúnaðarmenn á vinnustöðum.

#### **Fjórdá tillaga samþykkt samhljóða - grein eftir breytingu**

20. gr. samþykktá SSF

a) Stjórn SSF skal skipa 5 manna kjörnefnd eigi síðar en 3 mánuðum fyrir þingsetningu. Kjörnefnd skal skipuð 5 fullgildum félagsmönnum. Ákveði félagsmaður sem skipaður hefur verið í kjörnefnd að bjóða sig fram til stjórnarsetu skal skipa annan í hans stað. Kjörnefnd skal í samvinnu við starfsmenn skrifstofu SSF auglýsa eftir framboðum til stjórnar og kynna framboðendur. Framboð til stjórnar skal berast kjörnefnd eigi síðar en 1 mánuði fyrir þingsetningu.

b) Kjörnefnd rannsakar kjörbréf og skal hún skila álitni á fyrsta þingfundi.

#### **Fimmta tillaga samþykkt samhljóða - grein eftir breytingu 6 tl. 21. gr. samþykktá SSF**

6 tl. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar (sjá 23. gr.).

#### **Sjötta tillaga samþykkt með meirihluta atkvæða, 3 á móti - grein eftir breytingu**

23. gr. Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af féhirði SSF. Jafnframt skulu reikningar SSF endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningar SSF skulu vera aðgengilegir félagsmönnum á vefsíðu SSF að lokinni endurskoðun og undirritun stjórnar SSF.

#### **Sjöunda tillaga samþykkt samhljóða og fagnað með lófaklappi - grein eftir breytingu**

26. gr. Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.

Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embætta. Stjórnina skipa 9 aðalmenn. Kjósa skal formann og 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig, en síðan 6 meðstjórnendur úr hópi þeirra félagsmanna sem boðið hafa sig fram til stjórnarsetu samanber 20. gr. samþykktá SSF.

Tryggja skal að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40% og tryggja skal að formenn séu ekki allir af sama kyni. Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga og gæta þess við talningu atkvæða að kynjahlutföll séu í samræmi við þetta ákvæði. Kjörnefnd skal jafnframt leitast við að framboð til stjórnar sé í samræmi við kynjahlutföll.

Stjórnin kys féhirði og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi.

#### **Áttunda tillaga samþykkt samhljóða - grein eftir breytingu**

37. gr. Þegar stjórn SSF telur þess þörf, og eigi sjaldnar en árlega á milli þinga samtakanna, skal kalla saman fund formanna allra aðildarfélaganna, eða varamanna þeirra. Auk formanna á stjórn SSF, ásamt samninganefnd, sæti á þessum fundum.

#### **Níunda tillaga samþykkt samhljóða - grein eftir breytingu**

11. tl. 21. gr. Kjör stjórnar auk annarra trúnaðarmanna.

**Tillögur vegna lagabreytinga á samþykktum sjóða SSF voru lagðar fyrir í einu lagi og samþykktar samhljóða.**

**Lagagreinar Styrktarsjóðsins eftir breytingu:**

#### **Gr. 4.1**

Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum. Stjórn SSF er jafnframt heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann.

#### **Gr.4.4.**

Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.





#### Gr. 4.6.

Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

#### Gr. 6.1

Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

#### Lagagreinar Menntunarsjóðs eftir breytingu:

##### Gr. 4

##### Stjórn og rekstur

- Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.
- Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann.
- Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

##### Gr. 6

##### Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

#### Lagagreinar Vinnudeilusjóðs eftir breytingu:

##### 3. gr.

Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum. Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann. Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

##### 4. gr.

Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

##### 6. gr.

Rétt til úthlutunar eiga þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. gr. samþykktanna. Ákvörðun um úthlutun verði lögð fyrir stjórn SSF og formenn aðildarfélaga SSF ef til vinnudeilna kemur. Úthlutun hverju sinni taki mið af stöðu sjóðsins.



Þingforsetar.

## Lagagreinar Grunnsjóðs eftir breytingu:

### Gr. 4.1

Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins. Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann. Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

### Gr. 4.4

Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

### Gr. 4.6

Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

### Ályktun Laganefndar

47. þing SSF haldið á Selfossi 21. - 22. mars 2019 samþykkir að lagabreytingar er varða breytingu á félagskjörnum skoðunarmönnum, í samþykktum SSF og samþykktum allra sjóða taki gildi nú þegar.

### Allsherjarnefnd 1 - Jafnréttismál, fjölskyldan, tekjujöfnuður

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til þeirra fjármálafyrirtækja sem hafa fengið jafnlaunavottun að þau sýni fram á hvernig störf eru verðmetin. Jafnframt sýni launabil milli flokka og kynjahlutfall.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að innleiða sveigjanleg starfslok þannig að þau séu ekki bundin við 67 ára. Að boðið verði upp á það að fólk lækki starfshlutfall fyrir 67 ára en að sama skapi bjóða fólki með fulla starfsgetu að vinna lengur.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að foreldrar fái full laun í fæðingarorlofi og ráði hvernig þau ráðstafa fæðingarorlofi sínu á milli. Að barninu sé tryggð nærvera foreldra allan orlofstímann. Jafnframt að tryggt sé að starfsmenn haldi starfi sínu að loknu fæðingarorlofi.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til SSF að kynna/brýna það fyrir félagsmönnum að ekki sé launaleynd og heimilt sé að ræða laun sín á milli.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til stjórnvalda að fjármálakennsla verði hluti af námsskrá grunn- og framhaldsskóla.

### Allsherjarnefnd 2 - Heilbrigðismál og velferð borgaranna

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að virkt forvarnarstarf verði eftt til muna til að koma í veg fyrir kulnun í starfi og kvíða. Þetta getum við gert með t.d.

- Skipulagðri skimun
- Styttri vinnudögum / styttri vinnuskyldu
- Vera með heilsuefandi verkefni/frídaga
- Hafa umönnunardaga fyrir fjölskyldu í stað veikindadaga barna

### Greinagerð - ávinningur

- Ánægðari, heilbrigðari og afkastameiri starfsmaður, minna stress, skrepp minnkar
- Færri veikindadagar, reynslan sýnir það
- Betri starfsandi og vinsælli vinnustaður

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til stjórnvalda að tryggja öllum landsmönnum aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu m.a. með verulega aukinni greiðsupáttöku sjúkratrygginga vegna ferða, dvalarkostnaðar og vinnutaps. Dregið verði úr kostnaðarþáttöku sjúklinga án tillits til um hvers konar veikindi er að ræða, þannig að tryggt sé að enginn þurfi að neita sér um nauðsynlega aðstoð.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til stjórnvalda að stytta bið eftir þjónustu og gera stóratök í að eyða biðlistum í heilbrigðiskerfinu.



### Allsherjarnefnd 3 - Ungt fólk á vinnumarkaði - tæknibreytingar

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til Kjaranefndar að sett sé í kjarasamninga að vinnuveitandi gefi starfsmanni að lágmarki 2 daga í frí vegna próftöku og undirbúnings fyrir próf, fyrir hvert próf (að próftökudegi meðtöldum).

- Vinnuveitandi taki jákvætt í það þegar starfsfólk þarf að lækka starfshlutfall vegna menntunar/endumenntunar. Menntun skilar sér í betri starfskrafti.
- Sveigjanleiki eigi einnig við þau störf þar sem tæknibreytingar hafa einna helst áhrif á (framlína og bakvinnsla).
- Vinnuveitandi hvetji til endurmenntunar og fræðslu.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til stjórnar SSF og Kjaranefndar að skoða sérstaklega lausráðningar til lengri tíma en 6 mánaða og réttmæti þeirra.

- Dæmi eru um að starfsmenn séu lausráðnir mánuð í senn og upp í 2 ár sem ekki er í samræmi við reglu 12.2.1.
- Dæmi eru um að fyrirtæki nýti sér það að lausráða ungt fólk á 0% starfshlutfalli sem veldur því að viðkomandi vinnur sér ekki inn réttindi til sumarfrís.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til aðildarféлага SSF að lausráðningar vegna tímabundinna verkefna sé aldrei skemmri en 3 mánuðir í senn.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til stjórnvalda að huga betur að þeim sem hafa verið lengi á vinnumarkaði og vilja mennta/endurmennta sig. Námslán eru tekjutengd og skerðast því mikið hjá þeim sem eru að koma úr fullri vinnu sem getur komið í veg fyrir að fólk sækji sér menntun.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til aðildarféлага SSF að efla sérhæfða kennslu innan fyrirtækisins og hvetja félagsmenn sína til að sækja þau námskeið.

### Kjaranefnd

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til samninganefndar að skipta út álagsákvæði um lengingu orlofs, grein 4.4.2., fyrir að lágmarki 3 orlofsdaga sem eingöngu er hægt að taka fyrir utan skilgreindan orlofstíma (að vetri til).

Greinagerð:

Með þessu fyrirkomulagi er hægt að taka allt orlofið sitt út á hverjum þeim tíma sem starfsmaður óskar eftir, þó í samráði við vinnuveitanda, og að auki taka þessa þrjá daga að vetri til. Ef þessir þrjú orlofsdagar eru ekki nýttir þá falla þeir niður.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til samninganefndar að útbúa ramma í kringum fastlaunasamninga, m.t.t. vinnumagns og tímasetningar.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til samninganefndar að vinna að því að stytta vinnuvikuna, þ.e. minnka virkan vinnutíma og viðveru.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til samninganefndar að fara blandaða leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana.

Greinagerð:

Með þessu er betur hægt að tryggja hækkun hjá lægst launuðu.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til samninganefndar að breyta veikindadögum barna í umönnunardaga.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til samningsaðila að fá tryggingargjald fellt niður á starfsfólk eldra en 60 ára.



## Fræðslunefnd

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til stjórnar SSF að undirbúa átaksverkefni í menntunarmálum félagsmanna til að lágmarki þriggja ára. Styrklutfall geti orðið allt að 80% af námskostnaði þó aldrei hærra en 175.000 kr. á önn. Stjórn SSF skal leitast eftir samstarfi við fjármálafyrirtækin um verkefnið sem miði að því að félagsmenn fái svigrúm til að sinna námi meðfram vinnu.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að hvetja stjórn SSF til að kynna trúnaðarmenn og hlutverk þeirra fyrir félagsmönnum í samstarfi við aðildarfélagin.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til aðildarfélaganna að skilgreina hvort stjórnarmenn séu jafnframt trúnaðarmenn SSF á sínum vinnustað.

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. - 22. mars 2019 samþykkir að beina því til stjórnar SSF að halda áfram óbreyttri útgáfustarfsemi. Leitast skal þó við að auka útbreiðslustarf samtakanna á samfélagsmiðlum.

## Fjárhagsnefnd

Oddur Sigurðsson, Sí, fór yfir fjárhagsáætlun og tók fram að fjárhagsáætlunin væri lögð fram til kynningar en óbreytt félagsgjald og stjórnarlaun væru til samþykktar.

Fjárhagsáætlun SSF 2019 - 2022					
	Rauntölur 2018	Áætlun 2019	2020	2021	2022
Árgjöld	151.100	151.100	151.100	151.100	151.100
Grunnsjóður	41.200	41.200	41.200	41.200	41.200
Þjónustutekjur	6.500	0	0	0	0
Leigutekjur	1.200	1.250	1.250	1.250	1.250
Aðrar tekjur (HASLA)	0	0	0	0	0
<b>Tekjur</b>	<b>200.000</b>	<b>193.550</b>	<b>193.550</b>	<b>193.550</b>	<b>193.550</b>
Laun og tengd gjöld	68.800	70.000	70.000	70.000	70.000
Fræðslustarf	14.800	15.000	15.000	15.000	15.000
Útgáfu- og kynningarstarf	6.300	8.000	8.000	8.000	8.000
Erlent samstarf	10.500	12.000	12.000	12.000	12.000
Kannanir	6.000	0	6.000	0	6.000
Þing		13.000			15.000
Rekstur fasteigna	6.200	6.500	6.500	6.500	6.500
Viðhald tölvubúnaðar og vefsíðu	6.900	7.000	7.000	7.000	7.000
Lögfræðikostnaður	14.500	8.000	8.000	8.000	8.000
Endurskoðun	1.600	2.000	2.000	2.000	2.000
Rekstur skrifstofu	4.000	4.000	4.000	4.000	4.000
Annar rekstrarkostnaður	7.600	10.000	10.000	10.000	10.000
Afmæli/stefnumótun	1.500	1.500	1.500		
Grunnsjóður	41.200	41.200	41.200	41.200	41.200
Afskriftir	10.500	10.000	8.000	6.000	4.000
<b>Gjöld</b>	<b>200.400</b>	<b>208.200</b>	<b>199.200</b>	<b>189.700</b>	<b>208.700</b>
Hagnaður/tap	-400	-14.650	-5.650	3.850	-15.150
Fjármagnstekjur	16.300	16.300	16.300	16.300	16.300
H/T með fjármunatekjum	15.900	1.650	10.650	20.150	1.150



**Fjárhagsáætlun Styrktarsjóðs SSF 2019 - 2022**

Allar upphæðir í þús. króna

	Rauntölur 2018	Áætlun 2019	2020	2021	2022
Árgjöld	192.000	192.000	192.000	192.000	192.000
Styrkur frá Grunnsjóði	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000
<b>Tekjur</b>	<b>222.000</b>	<b>222.000</b>	<b>222.000</b>	<b>222.000</b>	<b>222.000</b>
Styrkir	100.000	100.000	100.000	100.000	100.000
Sjúkradagpeningar	120.000	120.000	120.000	120.000	120.000
Þjónustugjald SSF	4.000	0	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	152	152	152	152	152
<b>Gjöld</b>	<b>224.152</b>	<b>220.152</b>	<b>220.152</b>	<b>220.152</b>	<b>220.152</b>
Hagnaður/tap	-2.152	1.848	1.848	1.848	1.848
Fjármagnstekjur					
H/T með fjármunatekjum	-2.152	1.848	1.848	1.848	1.848

**Fjárhagsáætlun Menntunarsjóðs SSF 2019 - 2022**

Allar upphæðir í þús. króna

	Rauntölur 2018	Áætlun			
		2019	2020	2021	2022
Árgjöld	81.600	81.600	81.600	81.600	81.600
<b>Tekjur</b>	<b>81.600</b>	<b>81.600</b>	<b>81.600</b>	<b>81.600</b>	<b>81.600</b>
Menntunarstyrkir	74.000	100.000	100.000	100.000	100.000
Þjónustugjald SSF	2.500	0	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	146	150	150	150	150
<b>Gjöld</b>	<b>76.646</b>	<b>100.150</b>	<b>100.150</b>	<b>100.150</b>	<b>100.150</b>
Hagnaður/tap	4.954	-18.550	-18.550	-18.550	-18.550
Fjármagnstekjur					
H/T með fjármunatekjum	4.954	-18.550	-18.550	-18.550	-18.550

**Stjórnarlaun**

Fjárhagsnefnd lagði til að hækka stjórnarlaun meðstjórnenda úr 10% í 15%.

Miða skal við launaflokk 203-7. Stjórnarlaun jafngilda tveimur stöðugildum.

	Grunnur	Hlutfall%	Laun
<b>Formaður</b>	677.568 kr.	50%	338.784
<b>1. varaformaður</b>	677.568 kr.	25%	169.392
<b>Gjaldkeri</b>	677.568 kr.	25%	169.392
<b>Ritari</b>	677.568 kr.	25%	169.392
<b>Meðstjórnandi 1-5</b>	677.568 kr.	15%	101.635
<b>Meðstjórnandi 1-5</b>	677.568 kr.	15%	101.635
<b>Meðstjórnandi 1-5</b>	677.568 kr.	15%	101.635
<b>Meðstjórnandi 1-5</b>	677.568 kr.	15%	101.635
<b>Meðstjórnandi 1-5</b>	677.568 kr.	15%	101.635
		200%	1.355.136
Samtals stjórnarlaun á ári			16.261.632
Launatengd gjöld		23%	3.740.175
		<b>Alls:</b>	<b>20.001.807</b>

Tillaga um stjórnarlaun samþykkt samhljóða.

## Ályktun fjárhagsnefndar

47. þing SSF haldið á Selfossi dagana 21. – 22. mars 2019 samþykkir að félagsgjald til SSF verði óbreytt eða 0,7% árið 2019–2022. Gjaldið skiptist þannig að 0,55% fari í félagssjóð og 0,15% fari í Grunnsjóð. Áfram verður gert hlé á greiðslum til Vinnudeilusjóðs.

## Kjör stjórnar

Framboð til stjórnar kjörtímabilið 2019 – 2022.

Stjórn SSF skipa 9 félagsmenn og skal kjósa formann og 1. varaformann hvorn fyrir sig, en síðan 7 meðstjórnendur. Eftirfarandi félagsmenn gáfu kost á sér til stjórnarsetu:

### Framboð til formanns

Friðbert Traustason, SSF

Eini frambjóðandinn og var því sjálfkjörinn.

### Framboð til 1. varaformanns

Ari Skúlason, FSLÍ

Eini frambjóðandinn og var því sjálfkjörinn.

### Framboð til meðstjórnenda

Bára Björk Ingibergsdóttir, Starfsmannafélagi Seðlabankans

Daníel Reynisson, TRM Arion banka

Guðný S. Magnúsdóttir, FSLÍ

Helga Jónsdóttir, SÍ

Hörður Jens Guðmundsson, VÍST

Jóhann Arnarson, TRM Arion banka

Lilja Dröfn Kristinsdóttir, TRM Arion banka

Nanna Kristín Tryggvadóttir, FSLÍ

Oddur Sigurðsson, SÍ

Lilja Dröfn Kristinsdóttir, TRM Arion banka, dró framboð sitt til 1. varaformanns til baka en var í kjöri til meðstjórnanda og Marcin Zembrowski, TRM Arion banka, dró framboð sitt til 1. varaformanns og meðstjórnanda til baka.

### Niðurstaða stjórnarkjörs SSF fyrir kjörtímabilið 2019–2022

Á kjörskrá voru 65 þingfulltrúar og greiddu 62 þeirra atkvæði.

Friðbert Traustason, SSF, formaður

Ari Skúlason, FSLÍ, 1. varaformaður

Bára Björk Ingibergsdóttir, Starfsmannafélagi Seðlabankans, meðstjórnandi

Daníel Reynisson, TRM Arion banka, meðstjórnandi

Guðný S. Magnúsdóttir, FSLÍ, meðstjórnandi

Helga Jónsdóttir, SÍ, meðstjórnandi

Hörður Jens Guðmundsson, VÍST, meðstjórnandi

Jóhann Arnarson, TRM Arion banka, meðstjórnandi

Oddur Sigurðsson, SÍ, meðstjórnandi



## Önnur mál

Fyrir þinginu lá tillaga um inntöku tveggja nýrra aðildarféлага

Starfsmannafélagið Seðill, en í því félagi eru starfsmenn sameinaðs seðlavers (JCC ehf.) SVAT, starfsmannafélag Varðar trygginga.

Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Úr sal barst hrós til stjórnar og starfsmanna SSF með að hafa farið af stað með spurningaleik um réttindi félagsmanna. Þá fengu starfsmenn sem skipulögðu þingið lófaklapp fyrir gott starf. Auk þess var fráfarandi stjórn þakkað fyrir sín störf með lófaklappi.

Helga Jónsdóttir, þingforseti, og Sigurjón Gunnarsson, varaþingforseti, þökkðu vel fyrir sig og færðu þingið í hendur formanns.

## Þingslit

Friðbert Traustason, formaður SSF, kallaði Nönnu Kristínu Tryggvadóttur, FSLÍ, upp til að þakka henni ánægjulegt samstarf en hún hafði verið öflug í sínu starfi í tengslum við yngri félagsmenn bæði hérlendis og erlendis. Þá var Gunnari Gunnarssyni, Sf. Seðla-banka, einnig þakkað fyrir störf í stjórn SSF.

Friðbert þakkaði starfsmönnum SSF og þingfulltrúum fyrir gott starf á þinginu sem ein-kenndist af samvinnu og góðu utanumhaldi. Hann óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og bauð nýja stjórn velkomna. Mikil vinna væri framundan og yrði það sem samþykkt var á þinginu notað í okkar baráttu.

Friðbert afhenti að lokum starfsmönnum þingsins þakklætisvott fyrir störf sín á þinginu.

**Þingi slitið kl. 13:33**



Nýkjörin stjórn SSF 2019-2022.

## Vísna­gá­tur

Helga Jónsdóttir, þingforseti, kom með fjórar skemmtilegar vísna­gá­tur sem þingið spreytti sig á og við látum fylgja með til gamans.

Finndu orðið, það getur verið forskeyti, viðskeyti eða samsett.

1. Prestarnir mér sífellt sinna.  
Svangur gestur vel mín naut.  
Í miðri bæn mig er að finna.  
Mig „hinn smurði“ forðum braut.
2. Ég er í grennd við Austurvöll.  
Á mér skáldjöfur forðum bjó.  
Áður hýsti ég álfa og tröll.  
Um óvin stundum hring ég dró.
3. Ég er í fríi alla daga.  
Ég þarf muni að laga og bæta.  
Ég þarf fyllisvín að draga.  
Ég þarf knattarins vel að gæta.
4. Nytjagróður næri ég.  
Ég niðist á bökum verkamanna.  
Fjárnændum annríki færi ég.  
Fáir tilveru mína sanna.

Lausnir: 1. brauð, 2. borg, 3. vörður, 4. burður





# Samþykktir SSF

## I. Nafn og hlutverk

1. gr. Nafn samtakanna er: SSF, samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja. Heimili þess er í Reykjavík.
2. gr. Tilgangur SSF er:
  - a) Að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna.
  - b) Að hafa forystu í starfs- og kjaramálum félagsmanna og vinna að því að bæta og samræma kjör þeirra í samvinnu við aðildarfélagin.
  - c) Að fara með fyrirvar félagsmanna um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir fyrir þeirra hönd skv. lögum, reglugerðum og öðrum fyrirætlunum.
  - d) Að vinna að því að auka alhliða menntun, þekkingu og starfshæfni félagsmanna í kjara- og félagsmálum og starfstengdum eignum með blaðaútgáfu, fræðsluerindum, námskeiðum, eða á hvern þann hátt, sem heppilegur er talinn á hverjum tíma.
  - e) Að hafa samstarf við önnur launþegasamtök og koma fram fyrir hönd félagsmanna á innlendum og erlendum vettvangi.
  - f) Að hafa yfirumsjón með sjóðum SSF. Um sjóði þessa gilda nánari starfsreglur sem samþykktar skulu á þingi SSF.

## II. Aðild

3. gr. Með fyrirtækjum er í samþykktum þessum átt við fjármálafyrirtæki skv. lögum um fjármálafyrirtæki, þjónustustofnanir þessara aðila og önnur fyrirtæki sem taka að sér útvistun verkefni fyrir fjármálafyrirtæki. Með félagsmönnum er í samþykktum þessum átt við alla sem rétt eiga til aðildar að SSF skv. 4. gr.
4. gr. Rétt til aðildar að SSF hafa:
  - a) Félög starfsmanna innan fyrirtækja. Ekki getur nema eitt félag við hvert fyrirtæki orðið aðili að SSF. Félagsaðild er bundin við 12 manna félög eða stærri. Verði félagar aðildarfélags færri en 10, breytist aðild í einstaklingsaðild. Aðild félaga starfsmanna nær til allra félagsmanna sem eru í viðkomandi félagi og eru einnig félagsmenn SSF á hverjum tíma, sbr. 5. gr.
  - b) Einstaklingar sem starfa við fyrirtæki, þar sem ekki eru félög og einnig þeir einstaklingar sem kjósa að vera ekki í félögum starfsmanna sbr. a) lið.
  - c) Starfsmenn skrifstofu SSF.
5. gr. Aðalfélagar að SSF eru allir þeir sem 4. gr. nær til aðrir en þeir sem ráðnir eru til sumarfleysinga eða annarra afleysingastarfa, sem ætlað er að standi skemur en 4 mánuði. Þeir sem ekki eru aðalfélagar hafa ekki kosningarétt og kjörgengi skv. samþykktum þessum eða gildandi samkomulagi um kjarasamninga SSF.

6. gr. Félög sem eru aðilar að SSF skulu starfa samkvæmt samþykktum sem ekki brjóta í bága við grundvallaratriði í samþykktum SSF. Umsókn félags um aðild að SSF fylgi eftirtalin gögn:

- a) Eintak af samþykktum félagsins.
- b) Félagsmannatal þeirra, sem jafnframt eru félagsmenn SSF.
- c) Nöfn stjórnarmanna og varastjórnar, svo og aðrar þær upplýsingar, sem stjórn SSF óskar eftir. Stjórn SSF tekur ákvörðun um inntöku nýrra félaga, en leita skal staðfestingar næsta þings SSF. Vilji einstaklingur, sem starfar hjá fyrirtæki þar sem ekki er félag starfsmanna, ganga í SSF, skal hann senda skriflega umsókn þar um til SSF. Umsóknina skal leggja fyrir á næsta stjórnarfundi sem haldinn er eftir að umsókn berst skrifstofu SSF. Stjórn SSF skal ákvarða svo fljótt sem verða má hvort umsókn um einstaklingsaðild er samþykkt eða henni synjað.

7. gr. Stjórnin getur vikið aðila (einstaklingi eða félagi) úr sambandinu, ef hann brýtur samþykktir þess. Til brottvikningar þarf samþykki 7 stjórnarmanna af 9. Ákvörðun um brottvikningu skal tilkynna viðkomandi í ábyrgðarbréfi þar sem tilgreina skal ástæðu fyrir henni og hvenær hún taki gildi. Ákvörðun um brottvikningu skal leggja fyrir næsta þing SSF til fullnaðarákvörðunar. Til staðfestu brottvikningar þarf 3/5 greiddra atkvæða. Aðili, sem vikið hefur verið úr SSF, á enga kröfu á hendur því né neitt tilkall til sjóða þess eða annarra eigna.

8. gr. Aðila, sem vikið hefur verið úr SSF, má taka inn að nýju, enda sé fullnægt þeim skilyrðum, sem stjórn þess eða þing SSF telur nauðsyn að setja hverju sinni.

9. gr. Úrsögn félags úr sambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi félags og þess getið í fundarboði að tillaga um úrsögn úr sambandinu liggja fyrir. Gera skal stjórn SSF viðvart um tillöguna með minnst 4 vikna fyrirvara. Úrsögn tekur gildi að 4 mánuðum liðnum frá því að hún hlýtur samþykki og er viðkomandi félag gjaldskyld fyrir það tímabil. Félag sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til sjóða eða annarra eigna félagsins.

## III. Réttindi og skyldur aðildarfélaga.

10. gr. Félagsmenn er láta af starfi um stundarsakir vegna náms er varðar starf þeirra, glata ekki aðildarrétti sínum meðan á námi stendur.

11. gr. SSF skal halda skrá yfir alla félagsmenn sína. Á sama hátt haldi sambandið skrá yfir formenn aðildarfélaganna og trúnaðarmenn á vinnustöðum.



12. gr. Aðildarfélög skulu að loknum aðalfundi sínum senda skrifstofu sambandsins:

- a) Skýrslu stjórnar.
- b) Ályktanir og samþykktir um kjaramál og önnur stéttar-málefni.

13. gr. Stjórnarmenn SSF og framkvæmdastjóri eiga rétt til að sækja almenna félagsfundi aðildarfélaga, þegar sérstaklega er fjallað um málefni SSF skv. auglýstri dagskrá og hafa þeir málfrelsi til jafns við aðra fundarmenn. Stjórn SSF er skylt að senda fulltrúa á fundi aðildarfélaga eða félagsstjórna ef þess er óskað.

14. gr. Ef stjórn SSF, þing eða formannafundur telja nauðsyn bera til að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu er skylt að láta slíka atkvæðagreiðslu fara fram. Kjörskrá við allsherjaratkvæðagreiðslu skal vera skrá yfir þá félagsmenn sem aðild eiga að SSF.

#### IV. Fulltrúakjör

15. gr. Aðildarfélögin hafa rétt og skyldu til að kjósa fulltrúa úr hópi félagsmanna SSF til setu á þingum SSF. Fulltrúar á þingi SSF skulu vera 65. Skulu þeir kosnir fyrir reglulegt þing, til þriggja ára, eigi síðar en í febrúar-mánuði þingárs. Félagin kjósi varafulltrúa. Stjórn SSF ákveður skiptingu fulltrúa milli aðildarfélaga, þó þannig að fyrst fær hvert aðildarfélag einn fulltrúa og síðan fá aðildarfélögin fulltrúa í hlutfalli við uppgefna félagatölu SSF-félaga 1. nóvember árið fyrir þingár, að fráreginni félagatölu fyrir 1 þingfulltrúa. (Heildarféлага-tala aðildarfélaga SSF deilt með fjölda þingsæta). Kjörbréf staðfest með undirskrift formanns og ritara aðildarfélags skal afhenda skrifstofu SSF tveimur vikum fyrir setningu þings.

#### V. Þing SSF

16. gr. Þing SSF fer með æðsta vald í öllum málum og telst fullgilt sé til þess boðað í samræmi við samþykktir SSF. Stjórn, varastjórn og starfsmenn SSF eiga rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti, en atkvæðisrétt hafa ekki nema kjörnir fulltrúar. Að auki er stjórn SSF heimilt að bjóða gestum að sitja þingið sem áheyrnarfulltrúar.

17. gr. Reglulegt þing skal halda þriðja hvert ár. Stjórn SSF skal kalla saman aukaping þegar henni þykir nauðsyn eða ef meirihluti félagsmanna í SSF krefjast þess skriflega.

18. gr. Þing SSF skal boða með tveggja mánaða fyrirvara. Aukaping má boða með skemmst 5 daga fyrirvara.

19. gr. Skýrslu stjórnar SSF, endurskoðaða reikninga, sjálfstæðar tillögur eða mál, sem stjórnin eða aðildarfélög óska að leggja fyrir þing svo og dagskrá, skal senda þingfulltrúunum eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Tillögur einstakra þingfulltrúa eða breytingartillögur við fyrrgreind mál skulu lagðar þannig fyrir á þinginu, að unnt sé að fjalla um þær í þeirri þingnefnd, sem málið tilheyrir.

20. gr.

- a) Stjórn SSF skal skipa 5 manna kjörnefnd eigi síðar en 3 mánuðum fyrir þingsetningu. Kjörnefnd skal skipuð 5 fullgildum félagsmönnum. Ákveði félagsmaður sem skipaður hefur verið í kjörnefnd að bjóða sig fram til stjórnarsetu skal skipa annan í hans stað. Kjörnefnd skal í samvinnu við starfsmenn skrifstofu SSF auglýsa eftir framboðum til stjórnar og kynna framboðendur. Framboð til stjórnar skal berast kjörnefnd eigi síðar en 1 mánuði fyrir þingsetningu.
- b) Kjörnefnd rannsakar kjörbréf og skal hún skila álitni á fyrsta þingfundi.

21. gr.

Dagskrá reglulegs þings skal vera m.a.:

1. Þingsetning.
2. Nafnakall fulltrúa.
3. Kjörbréf lögð fram til samþykktar.
4. Kosning starfsmanna þingsins.
  - a) Forseta og varaforseta.
  - b) Tveggja þingritara og tveggja til vara.
5. Kosning fastanefnda þingsins.
  - a) Kjörnefnd (5), skipuð af stjórn SSF þremur mánuðum fyrir þingsetningu sbr. 20. gr.
  - b) Laganefnd (5), ef tillögur um breytingar á samþykktum liggja fyrir
  - c) Fjárhagsnefnd - ótiltekið
  - d) Allsherjarnefnd - ótiltekið
  - e) Kjaranefnd - ótiltekið
  - f) Fræðslunefnd - ótiltekið
6. Lögð fram skýrsla stjórnar og endurskoðaðir reikningar.(sjá gr. 23)
7. Tillögur um breytingar á samþykktum kynntar.
8. Tillögur sem borist hafa teknar til umræðu og vísað til nefnda.
9. Umræður og afgreiðsla nefndarálita.
10. Fjárhagsáætlun og ákvörðun um gjald til SSF næstu þrjú árin.
11. Kjör stjórnar auk annarra trúnaðarmanna.
12. Önnur mál.

22. gr. Þingfundum skal stjórnað samkvæmt almennum þingsköpum. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

#### VI. Fjármál

23. gr. Í upphafi reglulegs þings leggur stjórn SSF fram fjárhagsáætlun fyrir næstu þrjú ár. Fjárhagsár SSF miðast við áramót. Reikningsskil skulu gerð árlega, reikningar yfirfarnir og eignir kannaðar af féhirði SSF. Jafnframt skulu reikningar SSF endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningar SSF skulu vera aðgengilegir félagsmönnum á vefsíðu SSF að lokinni endurskoðun og undirritun stjórnar SSF.



24. gr. Hver félagsmaður SSF greiði mánaðarlega félagsgjald til SSF. Þing SSF ákveður upphæð þessa gjalds að fengnum tillögum fjárhagsnefndar.

25. gr. Kostnaður við þinghald og formannafundi greiðist af SSF, þar með talin fargjöld fulltrúa búsettra utan Reykjavíkur og nágrennis.

## VII. Stjórn SSF

26. gr. Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga. Stjórn skal kjósa bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal. Kjörgengir í stjórn eru allir fullgildir félagsmenn í SSF.

Félagsmaður getur einungis boðið sig fram til tveggja embættanna. Stjórnina skipa 9 aðalmenn. Kjósa skal formann og 1. og 2. varaformann hvern fyrir sig, en síðan 6 meðstjórnendur úr hópi þeirra félagsmanna sem boðið hafa sig fram til stjórnarsetu samanber 20. gr. samþykktá SSF. Tryggja skal að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40%. og tryggja skal að formenn séu ekki allir af sama kyni. Kjörnefnd skal sjá um framkvæmd kosninga og gæta þess við talningu atkvæða að kynjahlutföll séu í samræmi við þetta ákvæði. Kjörnefnd skal jafnframt leitast við að framboð til stjórnar sé í samræmi við kynjahlutföll.

Stjórnin kys féhirði og ritara úr sínum hópi. Ef einhver formanna lætur af störfum á kjörtímabilinu kys stjórnin 2. varaformann úr sínum hópi.

27. gr. Stjórn SSF stjórnar málefnum þess milli þinga. Stjórnin annast rekstur SSF og hagar störfum sínum í samræmi við samþykktir þess.

28. gr. Stjórninni er heimilt að skipa nefndir til að sinna ákveðnum verkefnum og skal þá að jafnaði einn stjórnarmanna vera í hverri nefnd. Einnig er stjórninni heimilt að skipa einstaka félagsmenn til að annast afmörkuð verkefni fyrir hennar hönd.

29. gr. Formaður kallar saman stjórnarfundi. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum og undirritar þær með formanni. Féhirðir sér um fjárreiður SSF og varðveislu sjóða. Hann hefur umsjón með gerð ársreikninga og skilum á þeim til endurskoðunar.

30. gr. Stjórnarfundi skal kalla saman svo oft sem þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði vetrarmánuðina. Ennfremur ef tveir stjórnarmenn æskja þess og þá innan viku frá því að sú ósk berst formanni. Dagskrár sé getið með fundarboðum.

31. gr. SSF er aðili að norrænum Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja NFU og einnig alþjóðlegum samtökum starfsmanna við þjónustustörf UNI, og tekur þátt í störfum þeirra.

## VIII. Ákvæði vegna laga um kjarasamninga

32. gr. Eigi síðar en fjórum mánuðum fyrir lok gildistíma kjarasamnings skal stjórn SSF skipa a.m.k. sjö menn í samninganefnd SSF: Formaður og varaformenn SSF skulu vera sjálfkjörnir í samninganefnd. Þegar fjallað er um þýðingarmiklar ákvarðanir skal hafa náð samstarf við ein-stök aðildarfélög og boðar stjórn SSF formenn félaganna til funda í því skyni.

33. gr. Stjórn SSF og samninganefnd er heimilt að skipa undir-nefndir til þess að starfa að einstökum verkefnum við undirbúning samninga og samningagerð.

34. gr. Sameiginlegur fundur aðal- og varastjórnar SSF og samninganefndar ásamt formönnum aðildarfélaga, tekur ákvörðun um uppsögn eða endurskoðun kjarasamninga. Um boðun verkfalls skal fara fram atkvæðagreiðsla samkvæmt lögum nr. 80/1938. Um framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu skal fara eftir sömu reglum og gilda um atkvæðagreiðslu um kjarasamning.

35. gr. Takist samkomulag um kjarasamning skal samninganefnd SSF undirrita það með fyrirvara um endanlegt samþykki að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu er bindandi fyrir stjórn SSF. Allir aðalfélagar SSF, sem eiga í kjaradeilu, hafa atkvæðisrétt. Allsherjaratkvæðagreiðslu skal lokið innan þriggja vikna frá undirritun kjarasamnings. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg. Við breytingu á kjarasamningi á samningstímanum er ekki skylt að hafa allsherjaratkvæðagreiðslu.

36. gr. Þriggja manna yfirkjörstjórn, er stjórn SSF skipar, skal hafa yfirumsjón með undirbúningi og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu félagsmanna SSF. Yfirkjörstjórn staðfestir kjörskrá, sem gerð er eftir félagaskrá SSF. Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörskrárdeilur. Jafnskjött og atkvæðagreiðslu er lokið, skulu atkvæði og kjörgögn send til yfirkjörstjórnar og fer talning fram undir stjórn hennar. Yfirkjörstjórn úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Úrskurður yfirkjörstjórnar er endanlegur.

## IX. Formannafundir

37. gr. Þegar stjórn SSF telur þess þörf, og eigi sjaldnar en árlega á milli þinga samtakanna, skal kalla saman fund formanna allra aðildarfélaganna, eða varamanna þeirra. Auk formanna á stjórn SSF, ásamt samninganefnd, sæti á þessum fundum.

38. gr. Formannafundir hafa það hlutverk að fylgjast með störfum stjórnar SSF, vera henni til ráðuneytis og styrkja tengslin milli aðildarfélaganna og stjórnar SSF.

39. gr. Formaður SSF boðar til formannafunda. Einnig ef þrír formenn aðildarfélaga æskja þess og skal þá boða til fundar innan viku frá því að sú ósk berst formanni SSF. Stjórn SSF er heimilt að setja nánari reglur um störf á formannafundum.



## X. Heiðursmerki

40. gr. Heiðursmerki SSF er merki SSF úr gulli. Heiðursmerki má veita þeim aðilum, íslenskum eða erlendum sem unnið hafa gott starf í þágu félagsmanna SSF. Stjórn SSF ákveður veitingu heiðursmerkja og skal ákvörðunin um það vera einróma samþykkt af stjórninni. Skrifstofa SSF skal færa sérstaka "gullbók" þar sem skráð eru nöfn og helstu æviatriði þeirra, er gullmerkið hljóta.

## XI. Breytingar á samþykktum

41. gr. Samþykktum SSF er aðeins hægt að breyta á þingi SSF og öðlast tillögur til breytinga því aðeins gildi að þær séu samþykktar með minnst 2/3 greiddra atkvæða. Tillögum til breytinga á samþykktum skal skilað til stjórnar SSF í síðasta lagi tveim vikum áður en þing er sett og skulu þær liggja frammi á skrifstofu SSF.

42. gr. SSF verður því aðeins slitið, að þing SSF og aukaþing, sem haldið sé innan tveggja mánaða frá lokum þings SSF samþykki slitin með 2/3 greiddra atkvæða.

Til aukabingsins fari fram nýtt fulltrúakjör í aðildarfélögum. Um eignir SSF við slit þess fer eftir því sem meirihluti tveggja þinga SSF ákveður.

43. gr. Samþykktir þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir SÍB.

Samþykkt á aukabingi SÍB 19. apríl 1978.

Samþykktum breytt á 35. þingi SÍB 1985,  
á 36. þingi 10. apríl 1987,  
á 37. þingi 12. apríl 1991,  
á 38. þingi 26. apríl 1993,  
á 39. þingi 24. mars 1995,  
á 40. þingi 21. mars 1998,  
á 43. þingi 18. apríl 2007.

Samþykktum breytt á 44. þingi SSF 19. mars 2010,  
á 45. þingi SSF 15. mars 2013,  
á 46. þingi SSF 11. mars 2016,  
á 47. þingi SSF 22. mars 2019.



# Vinnudeilusjóður

## Samþykktir fyrir vinnudetilusjóð SSF

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður SSF og er eign þess. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

- a) að styrkja félagsmenn SSF ef til vinnudeilna kemur sem boðaðar hafa verið skv.36. gr. samþykktá SSF.
- b) að styrkja norræna bankamenn í vinnudeilu samkvæmt samningi SSF við norrænsystursamtök þar um.
- c) að styðja önnur íslensk stéttarfélag í vinnudeilu.

### 3. gr.

Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins. Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann. Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum. Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

### 4. gr.

Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

### 5. gr.

Stofnfé sjóðsins eru núverandi eigur Kjaradeilusjóðs SSF. Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað á þann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjárisins séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem

í banka eðasparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs og bankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innistæðu-reikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók. Sambandsþing ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni.

Tekjur sjóðsins miðist við hlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SSF.

### 6. gr.

Rétt til úthlutunar eiga þeir aðilar sem taldir eru upp í 2. gr. samþykktanna. Ákvörðun um úthlutun verði lögð fyrir stjórn SSF og formenn aðildarféлага SSF ef til vinnudeilna kemur. Úthlutun hverju sinn taki mið af stöðu sjóðsins.

### 7. gr.

Verði vinnudeilusjóður SSF lagður niður ráðstafar þing SSF eignum hans.

### 8. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömureglur og um breytingar á samþykktum SSF.

Samþykkt á 36. þingi SÍB 1989.

Endurskoðað á 43. þingi SÍB í apríl 2007,  
á 44. þingi SSF 19 mars 2010,  
á 47. þingi SSF 22. mars 2019.



# Samþykktir Styrktarsjóðs SSF

1. gr.

## Nafn sjóðsins

1.1. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður SSF

1.2. Sjóðurinn er stofnaður á grundvelli bókunar með kjarasamningi bankamanna sem undirritaður var 3. apríl 1997.

1.3. Sjóðurinn er eign Samtaka starfsmanna fjármála-fyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

## Verkefni sjóðsins

2.1. Verkefni Styrktarsjóðs SSF eru eftirfarandi:

2.1.1. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti verði þeir óvinnufærir vegna veikinda eða slysa, enda hafi launatekjur þeirra fallið niður.

2.1.2. Að greiða félagsmönnum SSF dagpeninga eða veita þeim fjárhagsaðstoð með öðrum hætti vegna langvarandi veikinda maka og barna, enda hafi sjóðfélagi misst launatekjur vegna þeirra.

2.1.3. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna áfengis-meðferðar, enda hafi launatekjur fallið niður.

2.1.4. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna sjúkraþjálfunar, sjúkranudds og meðferðar hjá kiropraktorum (hnykkjum) sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða eða nýtur opinbers stuðnings með öðrum hætti.

2.1.5. Að greiða félagsmönnum SSF styrk vegna krabba-meinsskoðunar og hjartaskoðunar.

2.1.6. Að greiða félagsmönnum SSF, sem þurfa á sérstökum hjálpartækjum að halda vegna sjúkdóms eða fötlunar til að geta sinnt starfi sínu, styrk til kaupa á slíkum tækjum.

2.1.7. Að greiða mökum eða börnum félagsmanna SSF útfararstyrki vegna fráfalls félagsmanns.

2.1.8. Að greiða læknisvottorð sem nauðsynleg eru vegna umsókna úr Styrktarsjóði SSF.

2.2. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fýrnist á sex mánuðum.

2.3. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um greiðslur úr sjóðnum. Í þeim skal m.a. kveðið á um hversu lengi greiðslur vari, hvort greiðslur hefjist að tilteknum tíma liðnum frá því að launagreiðslur féllu niður, hversu háar greiðslur séu í hverju einstöku tilviki og hvernig umsókn-um um greiðslur úr sjóðnum skuli háttað. Greiðslur skv. lið 2.1.8. skulu þó nema að fullu þeim kostnaði sem þar um ræðir.

2.4. Reglur um greiðslur úr sjóðnum skulu endurskoðaðar árlega með hliðsjón af fjárhagsstöðu sjóðsins. Hafi fjárhagsstaða sjóðsins rýrnað verulega að mati stjórnar hans skulu réttindi til greiðslu úr sjóðnum skert, en aukin hafi fjárhagsstaðan batnað verulega.

2.5. Sjóðnum er heimilt að kaupa váttryggingu er komi að einhverju eða öllu leyti í stað greisluskyldu sjóðsins skv. 1. mgr.

3. gr.

## Réttur til styrkja

3.1. Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga:

3.1.1. Fullgildir félagsmenn SSF skv. lögum samtakanna.

3.1.2. Atvinnulausir félagsmenn SSF skv. nánari ákvörðun stjórnar SSF.

3.2. Þeir, sem greitt hefur verið fyrir í Styrktarsjóð SSF í a.m.k. sex mánuði, eiga rétt á greiðslu í hlutfalli við vinnuframlag viðkomandi. Styttu má þennan tíma hafi umsækjandi áður verið fullgildur félagi í SSF.

3.3. Styrkveitingar geta hafist frá þeim tíma er samningsbundnum launagreiðslum lýkur. Nánar skal kveðið á um þetta í starfsreglum sjóðsins.

3.4. Umsóknum um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum vottorðum er tryggja réttmæti greiðslna.

3.5. Ef farsóttir geisa getur sjóðstjórn leyst sjóðinn frá greiðsluskyldum sínum um stundarsakir. Einnig getur sjóðstjórn ákveðið að lækka um stundarsakir dagpeninga ef afkomu sjóðsins virðist hætta búin.

4. gr.

## Stjórn og rekstur

4.1. Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ágyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum. Stjórn SSF er jafnframt heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann.

4.2. Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.

4.3. Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.

4.4. Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

4.5. Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

4.6. Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.



5. gr.

### **Tekjur og ávöxtun eigna**

5.1. Tekjur sjóðsins eru:

- a) Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi bankamanna á hverjum tíma.
- b) Vaxtatekjur og aðrar fjármagnstekjur.

5.2. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðurinn má eiga 25% hlut í húsnæði SSF á móti SSF. Sjóðnum er heimilt að verja allt að 15 milljónum króna til íbúðarkaupa í Reykjavík. Íbúðin verði til afnota fyrir félagsmenn sem leita þurfa lækninga á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðnum er óheimilt að kaupa frekari fasteignir eða veita lán.

5.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

### **Ársreikningur og endurskoðun**

6.1. Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

7. gr.

### **Slit sjóðsins**

7.1. Nú er SSF lagt niður án þess að annað sameiginlegt félag starfsmanna fjármálafyrirtækja komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar

það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr.

7.2. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

### **Breytingar á reglugerðinni**

8.1. Breytingar á reglugerð þessari öðlast ekki gildi nema þær hafi verið samþykktar á þingi SSF. Um atkvæðagreiðslu um breytingar á reglugerðinni á þingi SSF gilda sömu reglur og um lagabreytingar.

9. gr.

### **Nánari starfsreglur**

9.1. Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. reglugerð þessari, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

### **Gildistaka**

10.1 Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest af samninganefnd bankanna í Reykjavík 11. júní 1999. Endurskoðað á 44. þingi SSF í mars 2010 og 47. þingi SSF 22. mars 2019. Yfirlýsing frá SSF um Styrktarsjóð SSF Á fyrsta starfsári Styrktarsjóðs SSF verður 10% af tekjum hans varið í styrki skv. grein 2.1.9 í reglugerð sjóðsins. Þetta hlutfall verður síðan endurskoðað árlega og breytt í samræmi við stöðu hans.



# Samþykktir Menntunarsjóðs SSF

1. gr.

## Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Menntunarsjóður SSF. Sjóðurinn var stofnaður samkvæmt ákvörðun þings SSF 2001. Sjóðurinn er í vörslu Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir SSF). Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

## Verkefni sjóðsins

Markmið Menntunarsjóðs SSF er að efla félagsmenn í starfi og gera þá að verðmætari starfsmönnum með því m.a. að endurgreiða námskostnað að hluta eða í heild. Sjóðnum er ætlað að veita styrki vegna kostnaðar við menntun, símenntun og endurmenntun. Einnig við nám/námskeið sem nýtist í starfi og/eða til félagsstarfa að mati stjórnar.

3. gr.

## Réttur til styrkja

Rétt til að sækja um styrki til sjóðsins eiga: Fullgildir félagsmenn SSF skv. samþykktum SSF. Atvinnulausir félagsmenn SSF sem hafa verið samfelt félagsmenn í 3 ár geta sótt um styrki vegna náms sem þeir stunda í allt að 2 ár eftir starfslok enda hafi þeir ekki verið í launuðu starfi á tímabilinu. Umsókn um styrki úr sjóðnum skal skilað í því formi sem sjóðstjórn ákveður ásamt nauðsynlegum gögnum er tryggja réttmæti greiðslna. Réttur til greiðslu úr sjóðnum fyrist á 12 mánuðum eftir námslok.

4. gr.

## Stjórn og rekstur

- Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.
- Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann.
- Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.
- Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

5. gr.

## Tekjur og ávöxtun eigna

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundnar greiðslur atvinnurekenda eins og þær eru ákveðnar í kjarasamningi félagsmanna á hverjum tíma.

- Vaxtatekjur og önnur framlög og styrkir. Eignir sjóðsins skulu varðveittar í traustum, skráðum verðbréfum og bankainnstæðum. Sjóðnum er óheimilt að kaupa fasteignir og taka eða veita lán. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela utanaðkomandi aðila ávöxtun hans.

6. gr.

## Ársreikningur og endurskoðun

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

7. gr.

## Slit sjóðsins

Nú er SSF lagt niður án þess að önnur hliðstæð samtök komi í þess stað og skal sjóðnum þá slitið. Eignir sjóðsins skulu þá renna til þeirra starfsmannafélaga, sem aðild eiga að SSF þegar það er lagt niður, í réttu hlutfalli við fjölda félagsmanna í hverju félagi á þeim tíma. Þar skal eignunum ráðstafað í samræmi við ákvæði 2. gr. Starfsmannafélag eða einstaklingur sem segir sig úr SSF á ekki tilkall til eigna sjóðsins.

8. gr.

## Breytingar á starfsreglum

Starfsreglum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

9. gr.

## Nánari starfsreglur

Sjóðstjórn setur nánari starfsreglur skv. samþykktum þessum, sem samþykktar skulu af stjórn SSF og formannafundi.

10. gr.

## Gildistaka

Starfsreglur þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt svo á 43.þingi SSF 2007.

Endurskoðað á 44. þingi SSF 19. mars 2010,  
á 47. þingi SSF 22. mars 2019.





# Grunnsjóður SSF

## Samþykktir fyrir Grunnsjóð SSF

1. gr.

### Nafn sjóðsins

1.1 Sjóðurinn heitir Grunnsjóður SSF og er eign Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (hér eftir nefnd SSF). Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

### Tilgangur

2.1 Tilgangur sjóðsins er að vera varasjóður fyrir starfsemi SSF og tengdra sjóða.

3. gr.

### Stofnfé

3.1 SSF leggur til stofnfé sjóðsins kr. 1.000.000,-

4. gr.

### Stjórn og rekstur

4.1 Stjórn SSF er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins. Stjórn SSF er heimilt að fela þremur stjórnarmönnum að fara með framkvæmdastjórn og eftirlit með afgreiðslu sjóðsins. Framkvæmdastjórn kys sér formann. Ekki er greidd sérstök þóknun fyrir stjórnarsetu í sjóðnum.

4.2 Stjórn sjóðsins fer með framkvæmdavald í málefnum hans milli sambandsþinga.

4.3 Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og skal honum haldið aðgreindum frá fjárhag SSF og fjárhag annarra sjóða í eigu eða á vegum SSF.

4.4 Stjórn SSF getur ákveðið að sjóðurinn greiði kostnað sem af rekstri hans leiðir.

4.5 Daglegur rekstur sjóðsins skal vera á skrifstofu SSF.

4.6 Reikningsskil skulu gerð árlega. Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda og skal hann lagður fram samhliða reikningum SSF.

4.7 Stjórn sjóðsins geri þingi SSF grein fyrir störfum sínum.

5. gr.

### Tekjur sjóðsins og ávöxtun eigna

5.1 Tekjur sjóðsins miðist við hlutfall af þeim félagsgjöldum er innheimtast til SSF. Þing SSF ákveður fastar tekjur sjóðsins hverju sinni.

5.2 Stjórn sjóðsins skal kappkosta að varðveita raungildi sjóðsins. Fé sjóðsins skal ávaxtað á þann hátt að a.m.k. 2/3 hlutar fjárins séu ávallt lausir til ráðstöfunar, svo sem í banka eða sparisjóði, í skuldabréfum með ábyrgð þessara aðila, í skuldabréfum ríkissjóðs og bankabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands.

5.3 Stjórn sjóðsins hefur heimild til að ávaxta féð á innistæðureikningum í bönkum og sparisjóðum sem og í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.

5.4 Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um ávöxtun sjóðsins og skulu þær skráðar í fundargerðarbók.

6. gr.

### Ráðstöfun fjármuna sjóðsins

6.1 Þeir aðilar sem geta fengið framlag frá Grunnsjóði eru: SSF, Styrtarsjóður SSF, Menntunarsjóður SSF og Vinnudeilusjóður SSF. Berist beiðni um framlag frá framangreindum aðilum ber stjórn sjóðsins að taka þá beiðni fyrir innan tveggja vikna.

6.2. Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um starfsemina og framlög úr sjóðnum og leggur fyrir stjórn SSF til samþykktar.

7. gr.

### Slit sjóðsins

7.1 Verði Grunnsjóður SSF lagður niður renna allar eignir hans til SSF.

8. gr.

### Breytingar á samþykktum

8.1 Samþykktum þessum má aðeins breyta á þingi SSF. Um breytingar á þeim gilda sömu reglur og um breytingar á samþykktum SSF.

9. gr.

### Gildistaka

9.1 Samþykktir þessar öðlast gildi 18. júlí 2013.

*Samþykkt á 45. þingi SSF.*

*Endurskoðað á 47. þingi SSF 22. mars 2019.*







TRAUST ÞEKKING METNAÐUR



**47. ÞING**  
21.- 22. MARS  
2019